

Samningur Sjúkratrygginga Íslands og Tannlæknafélags Íslands um tannlækningar utan sjúkrahúsa

Sjúkratryggingar Íslands (Sjúkratryggingar) kt. 650309-0220 og Tannlæknafélag Íslands (TFÍ), kt. 570570-0139, gera með sér eftirfarandi samning um tannlækningar utan sjúkrahúsa fyrir sjúkratryggða samkvæmt lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

1. gr.

Gildissvið

Samningur þessi er gerður á grundvelli laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar. Hann tekur til tannlæknaþjónustu á eigin stofum tannlækna fyrir einstaklinga sem eru sjúkra- eða slysatryggðir skv. lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar eða lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga.

Undir samning þennan falla tannlækningar sem tilgreindar eru í aðgerðarskrá og gjaldskrá, sbr. fylgiskjöl II og III með samningi þessum og gildandi reglugerð, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar. Undanskildar eru tannréttingar.

Samningurinn tekur til:

1. Forvarna og tannlækninga barna til 18 ára aldurs.
2. Tannlækninga, annarra en tannréttinga, vegna alvarlegra meðfædda galla, slysa eða sjúkdóma.
3. Tannlækninga aldraðra og öryrkja.

Aðilar samnings þessa geta á samningstímanum samið um breytingar á honum og eftir atvikum nánari útfærslur. Slíkir samningar eru bindandi fyrir tannlækna sem starfa samkvæmt samningnum.

2. gr.

Samningsgögn

Sjúkratryggingar gera tilteknar kröfur til samningsaðila sinna um framkvæmd samnings skv. Almennum skilmálum, sbr. fylgiskjal VII eftir því sem við á, þó gilda ekki ákvæði 13. mgr. 3. gr. og 8. gr.

Eftirtalin fylgiskjöl eru hluti samnings þessa:

- | | |
|----------------|--|
| Fylgiskjal I | Samstarfssamningur Sjúkratrygginga og TFÍ |
| Fylgiskjal II | Samningsform samnings við tannlækna |
| Fylgiskjal III | Aðgerðarskrá Tannlæknafélags Íslands ásamt reglum Sjúkratrygginga um greiðsluþáttöku |
| Fylgiskjal IV | Gjaldskrá |
| Fylgiskjal V | <i>Almennir skilmálar Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) um kaup á heilbrigðisþjónustu, nú með gildistöku frá 1. júlí 2019</i> |

3. gr.

Aðild

Eftir samningi þessum geta starfað tannlæknar sem hafa löggilt starfsleyfi samkvæmt starfsleyfaskrá Embættis landlæknis, sbr. reglugerð nr. 1121/2012 um menntun, réttindi og

skyldur tannlækna og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi, enda uppfylli þeir önnur skilyrði samningsins, m.a. að fyrir liggi staðfesting landlæknis á að rekstur heilbrigðisþjónustu uppfylli faglegar lágmarkskröfur og önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf (rekstrarleyfi).

Vilji tannlæknir, sem uppfyllir ofangreind skilyrði til að starfa skv. samningi þessum, skal gerður sérstakur þjónustusamningur milli hans og Sjúkratrygginga, sjá fylgiskjal II. Í þjónustusamningi tannlæknis við Sjúkratryggingar er tilvísun til samnings þessa og teljast ákvæði þessa samnings því sjálfkrafa hluti þjónustusamninga við einstaka tannlækna.

4. gr.

Skyldur þjónustuveitenda og kaupanda

Tannlæknar skulu gæta ýtrustu hagkvæmni gagnvart sjúkratryggingum landsmanna með hliðsjón af viðurkenndum fræðum í tannlæknaþjónustu. Þeir skulu uppfylla opinberar kröfur um faglega þjónustu, rekstur og eftirlit. Tannlæknar skulu starfa samkvæmt klínískum leiðbeiningum og eftir viðurkenndum gagnreyndum starfsháttum.

Tannlæknar skulu beina þjónustunni að þeim sjúklingum sínum sem helst þurfa hana, en koma í veg fyrir sóun fjármuna. Tryggja skal aðgengi þeirra að þjónustunni með áherslu á viðkvæma hópa, sbr. 5. gr. samnings þessa.

Tannlæknar skulu vera virkir þátttakendur og/eða sýna frumkvæði um stafrænar lausnir, nýja tækni og nýsköpun sem leitt geti til hagkvæmni og aukinna gæða í þjónustu.

Tannlæknar skulu þekkja lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisþjónustu og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli eftir því sem við á, sbr. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1121/2012.

Tannlæknum ber að þekkja skyldur sínar og virða siðareglur stéttarinnar, viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

Tannlækni ber að stunda virka símenntun í samræmi við skilyrði VEIT (Virkt endurmenntun íslenskra tannlækna).

Tannlæknar upplýsa einstaklinga og/eða eftir atvikum forráðamenn þeirra um tannheilsu og raunhæfa meðferðarkosti og veita þeim upplýsingar um kostnað meðferðar eins og tók eru á. Ef um er að ræða kostnað sem Sjúkratryggingar taka ekki þátt í að greiða ber tannlæknum að upplýsa um mögulegan kostnað eftir bestu getu.

Ef fleiri en eitt meðferðarúrræði koma til greina við úrlausn vanda einstaklings skulu tannlæknar upplýsa hann eða eftir atvikum forráðamann barns um möguleg meðferðarúrræði, kosti og galla þeirra svo og áætlaðan kostnað.

Sjúkratryggingar skulu tryggja snurðulausa virkni tölvukerfa sinna þannig að ekki hljótist óhagræði fyrir tannlækna sem starfa samkvæmt samningi þessum. Ábyrgð Sjúkratrygginga takmarkast af eigin kerfum og nær ekki til þeirra hugbúnaðarhúsa sem tannlæknar eiga í viðskiptum við.

Samningur þessi byggir á að í gildi sé samstarfsamningur milli Sjúkratrygginga og TFÍ.

5. gr.

Aðgengi og forgangsröðun

Áhersla er lögð á að hinir sjúkratryggðu hafi gott aðgengi að þeim tannlækningum sem þeir þurfa, bæði hvað varða forvarnir og meðferðir og eftir atvikum tilvísanir til annarra sérfræðinga. Meðferð skal vera einstaklingsmiðuð og sniðin að þörfum hvers og eins.

Starfsstofur tannlækna skulu uppfylla almennar kröfur um aðbúnað og aðgengi, þ.m.t. aðgengi fyrir hreyfihamlaða, hafa góða loftræstingu og lýsingu og vera með aðgang að salerni.

Forgangsröðun skal vera í samræmi við þingsályktun nr. 38/150 um siðferðileg gildi og forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu og 19. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

6. gr.

Heimilistannlækningar

Sjúkratryggð börn skulu hafa skráðan heimilistannlækni sem annast allar almennar tannlækningar þeirra.

Sé þess óskað að barn sé skráð hjá tannlækni skal viðkomandi tannlæknir skrá sig sem heimilistannlækni þess. Undanþegnir þessu ákvæði eru sérfræðingar sem ekki hafa sjúklinga í reglulegri innköllun.

Heimilistannlæknar sjá um innköllun í eftirlit eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og skrá ástand tanna og munnhols. Fyrirkomulag þetta kemur þó ekki í veg fyrir að annar tannlæknir geti sinnt barni. Mikilvægt er að ná til þeirra barna sem eru vanrækt hvað tannhirðu varðar og hafa ekki sótt nauðsynlega tannlæknaþjónustu svo og þeirra sem eiga erfitt með að sækja nauðsynlega tannlæknaþjónustu vegna skertrar færni.

Komi barn ekki í reglubundna skoðun til skráðs heimilistannlæknis í 24 mánuði falla þau af skrá heimilistannlæknis.

7. gr.

Gæði

Við veitingu þjónustu skal fylgja gagnreyndri alþjóðlegri þekkingu á sviði heilbrigðisþjónustu og taka mið af faglegum tilmælum, viðmiðum og leiðbeiningum Embættis landlæknis eftir því sem við á.

Tannlæknar skulu velja gæðavísa sem lýsa gæðum þjónustunnar, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 1148/2008 um gerð gæðavísa sem notaðir eru til að meta gæði og árangur innan heilbrigðisþjónustunnar.

Verði samræmdir gæðavísar tilgreindir af fagfélagi tannlækna skulu tannlæknar nota þá gæðavísa.

Tannlæknar skulu skila gæðauppgjöri til Embættis landlæknis og Sjúkratrygginga sem byggir á lykilþáttum gæðaáætlunar Embættis landlæknis og er ætlað að sýna árangur hvað snertir gæði og öryggi þjónustunnar þegar eftir því er kallað, þó ekki oftari en einu sinni á ári.

8. gr.

Gjaldskrá

Sjúkratryggingar greiða fyrir tannlækningar sem falla undir samning þennan í samræmi við gildandi reglugerð á hverjum tíma og gjaldskrá, sbr. fylgiskjal IV að frádregnu gjaldi hins sjúkratryggða.

Óheimilt er að innheimta hærra verð fyrir þjónustu samkvæmt samningi þessum en það sem tilgreint er í gjaldskrá, sbr. fylgiskjal IV.

Sé tannlæknaverk ekki tiltekið í gjaldskrá samningsins eða reglur aðgerðarskrár takmarka endurgreiðslur einstakra gjaldliða þannig að kostnaðarhluti Sjúkratrygginga verður minni en 50% af gjaldliðnum er tannlækni heimilt að miða við eigin gjaldskrá og greiðir sjúkratryggður þá þann hluta meðferðar sjálfur sem er umfram hlut Sjúkratrygginga. Tannlæknir skal gera sjúklingi grein fyrir hvaða gjaldskrá er miðað við og eins og kostur er hver eigin kostnaður hans er áður en meðferð fer fram sbr. lög nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Fjárhæðir í gjaldskrá skulu breytast tvisvar sinnum á ári eða þann 1. janúar og 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn í júlí 2024. Skal 42% taka breytingum miðað við launavísitölu (í október og apríl) og 58% miða við breytingu á vísitölu neysliverðs (í nóvember og maí). Launavísitala í október 2023 var 962,1 og vísitala neysliverðs í nóvember 2023 var 605,8.

9. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra

Fyrir þjónustu samkvæmt samningi þessum greiðir sjúkratryggður gjald samkvæmt gjaldskrá, sbr. fylgiskjal IV og eins og það er ákveðið í reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

Þegar greiðsluþátttaka Sjúkratrygginga er í formi styrks þá greiðir sjúkratryggður það sem umfram er fjárhæð styrksins.

10. gr.

Greiðsluþátttaka Sjúkratrygginga

Fyrir þjónustu samkvæmt samningi þessum greiða Sjúkratryggingar það sem á vantar að greiðsla sjúkratryggðs skv. 9. gr. nemi fullri þóknun, sbr. 8. gr.

Tannsmíðakostnaður greiðist skv. reikningi í sama hlutfalli og vinna tannlæknis, þó að tilteknu hámarki eins og nánar er skilgreint í fylgiskjali III og IV. Fari reikningur tannsmíðs eða birgis fram úr skilgreindu hámarki er Sjúkratryggingum heimilt í sérstökum tilfellum og að undangenginni umsókn að greiða þá upphæð sem er umfram skilgreint hámark.

11. gr.

Reikningar

Reikningar skulu uppfylla skilyrði laga og reglna á hverjum tíma. Á reikningi skal m.a. koma fram nafn og kennitala sjúkratryggðs, hvaða dag verk fór fram, hvaða tannlæknir vann verkið, aðgerðar- og/eða gjaldskrárliður, heildarverð og kostnaðarhluti sjúkratryggðs. Í þeim tilfellum að tannlæknanemi eða tannfræðingur vann verkið skal það koma fram á reikningi. Fyrirtækjum sem eru í meirihluta eigu tannlækna er við þau starfa skal vera heimilt að senda Sjúkratryggingum reikninga fyrir verk sem unnin eru af tannlæknum sem eru aðilar að samningi þessum. Reikningar vegna verka skulu að jafnaði sendir að loknu verki eins og það er skilgreint í aðgerðarskrá.

Sjúkratryggður eða forráðamaður hans skal staðfesta komu með undirskrift reiknings eða með öðrum hætti sem samningsaðilar telja tryggan. Tannlæknar varðveita frumrit reikninga með staðfestingu sjúklings með öruggum og aðgengilegum hætti í samræmi við almennar bókhaldsreglur skv. lögum nr. 145/1994, sbr. reglugerð nr. 505/2013 um rafræna reikninga, rafrænt bókhald, skeytamiðlun, skeytaþjónustu, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna reikninga- og bókhaldskerfa.

Tannlæknar skulu senda Sjúkratryggingum reikningsupplýsingar í samræmi við gjaldskrá og aðgerðarskrá, rafrænt án milligöngu hins sjúkratryggða. Við sendingu rafrænna reikningsupplýsinga ber að fara eftir færslulýsingu sem Sjúkratryggingar hafa samþykkt. Rafrænar upplýsingar skulu almennt berast samdægurs. Sjúkratryggingar skulu greiða athugasemdalaus reikninga inn á bankareikning viðkomandi læknis/starfsheildar innan 10 virkra daga frá móttöku reikningsupplýsinga.

Sjúkratryggingar geta hvenær sem er óskað skýringa á reikningsupplýsingum/reikningi og ber útgefanda reiknings að gefa þær. Meðan ekki hefur fengist skýring er heimilt að:

- Greiða reikning með fyrirvara.
- Hafna greiðslu reiknings.

Með aðild að samningi þessum fellur niður samningur um rafræn samskipti og aðgerðarskrá, dags. 11.apríl 2013.

12. gr.

Skráning upplýsinga og notkun upplýsingakerfa

Um færslu og varðveislu sjúkraskráa tannlækna gilda lög um sjúkraskrár nr. 55/2009, sbr. einnig 10. gr. reglugerðar. nr. 1121/2012 og gildandi leiðbeiningar og tilmæli viðeigandi aðila svo sem embættis landlæknis.

Tannlæknar skulu skrá í rafræna sjúkraskrá upplýsingar um hvern sjúkling og veitta meðferð. Um aðgang að sjúkraskráum færðum af tannlæknum gilda ákvæði 46. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

Tannlækni ber að nota stöðluð upplýsingakerfi vegna starfseminnar (þ.m.t. tímabókanir, reikningagerð og sjúkraskrá) sem byggir á stafrænum samskiptum við Sjúkratryggingar og eftir því sem unnt er við notendur.

Stýrikerfi og hugbúnaður sem tengjast kerfum Sjúkratrygginga verða að vera uppfærð og í stuðningi frá framleiðanda. Tölvubúnaður sem notaður er til að tengjast kerfum Sjúkratrygginga verður að vera með öryggisvörnum sem uppfærðar eru með nýjustu viðbótum hverju sinni. Hugbúnaður sem notaður er til að þróa tengingar við kerfi Sjúkratrygginga verður að vera uppfærður og í stuðningi frá framleiðanda. Miðlun gagna í samskiptum við kerfi Sjúkratrygginga verður að vera dulrituð og taka mið af lágmarkskröfum sem gilda um slík samskipti hverju sinni. Nánari skilmálar eru í umsókn um aðgengi að kerfum Sjúkratrygginga.

Tannlækni ber að hýsa sjúkraskrárgögn sín í hýsingarumhverfi sem rekið er með stjórnkerfi upplýsingaöryggis. Samningur við ytri hýsingaraðila skal vera skriflegur. Í samningi skal meðal annars kveðið á um öryggisafritun gagnanna og ákvæði sem gerir lækni kleift að færa gögn yfir til annars hýsingaraðila þannig að ekki verði rof á aðgengi að gögnunum. Sé hýsingarumhverfi rekið af starfsheild skal gera samning við hæfan aðila um öryggisafritun. Tannlæknir ber ábyrgð á skráningu og varðveislu sjúkraskrárgagna, sbr. lög um sjúkraskrár.

13. gr.

Samstarfsnefnd

Samstarfsnefnd skal skipuð samkvæmt samstarfssamningi Sjúkratrygginga og TFÍ, sem er hluti samnings þessa, sbr. fylgiskjal I.

Ákvarðanir samstarfsnefndar um breytingar á eða eftir atvikum túlkun eða framkvæmd samnings þessa eru bindandi fyrir tannlækna sem undirritað hafa þjónustusamning við Sjúkratryggingar.

Þar sem samningur þessi byggir á nýrri gjaldskrá hefur samstarfsnefnd það hlutverk að vakta notkun hennar og endurmeta skilgreiningar ef notkun einstakra gjaldskrárliða viku frá því kostnaðarmati sem notað var við mótun gjaldskrárinnar.

Tannlæknir eða Sjúkratryggingar geta hvor um sig óskað eftir fundi sín á milli þar sem aðilar fara yfir álitamál eða kvartanir varðandi samninginn og samskipti, bæði innbyrðis og við hina sjúkratryggðu eða vísað álitamáli eða kvörtunum til úrlausnar hjá samstarfsnefnd.

14. gr.

Þagnarskylda og persónuvernd

Tannlæknar skulu gæta þagnarskyldu um allt það er þeir verða varir við í starfi sínu og leynt á að fara. Öllum veitendum heilbrigðisþjónustu og starfsmönnum þeirra ber að fara með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og tryggja áreiðanleika upplýsinga, sbr. lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

15. gr.

Ábyrgð og tryggingar

Tannlæknar skulu hafa fullnægjandi starfsábyrgðar- og sjúklingatryggingu hjá viðurkenndu váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi á Íslandi.

16. gr.

Fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir

Um reikningshald og endurskoðun ársreiknings gilda ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga og laga nr. 145/1994 um bókhald.

Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi vegna starfsemi og þjónustu skv. samningi þessum aðgreindum í bókhaldi frá öðrum rekstri og eignum tannlæknis.

17. gr.

Eftirlit

Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar skulu Sjúkratryggingar hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegund, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga.

Eftirlit Sjúkratrygginga getur m.a. falist í greiningu innsendra gagna, bréfaskiptum við tannlækna og heimsóknnum á starfsstofur. Tannlæknum er skylt að veita heilbrigðisstarfsmönnum Sjúkratrygginga þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna greiðslna skv. samningi þessum og vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar.

Um eftirlit fer að öðru leyti skv. 12. gr. í fylgiskjali VII.

18. gr.

Vanefndir og vanefndarúrræði

Verði vanefndir á samningsskyldum tannlækna er Sjúkratryggingum heimilt að beita vanefndarúrræðum sbr. 48. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar. Leiti tannlæknar nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé úrskurðaður gjaldþrota, eða sé andlag árangurslauss fjárnáms geta Sjúkratryggingar sagt samningi upp gagnvart þeim án frekari fyrirvara.

Verði staðfesting embættis landlæknis á rekstri tannlæknastofu afturkölluð fellur samningur þessi úr gildi gagnvart þeim.

Til vanefnda á samningi þessum getur m.a. talist:

1. Hafi tannlæknar ekki viðeigandi starfsleyfi og tilkynntan rekstur í samræmi við lög og reglugerðir.
2. Ef trúnaðar- og/eða þagnarskylda í samræmi við lög nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga er ekki virt.
3. Ef gæði þjónustunnar eru ekki í samræmi við gagnreynda þekkingu á sviði heilbrigðisþjónustu.
4. Ef ítrekaðar réttmætar kvartanir berast frá sjúkratryggðum um að þeir fái ekki viðeigandi úrlausn hvað varðar þjónustu.
5. Séu tannlæknar ekki með gilda starfsábyrgðar- og sjúklingatryggingu skv. 14. gr.
6. Ef skráning í sjúkraskrá uppfyllir ekki ákvæði laga og reglugerða.
7. Ef reikningsgerð á hendur Sjúkratrygginga er ekki í samræmi við veitta þjónustu á grundvelli gjaldskrár eða ef reikningsupplýsingar eru ekki í samræmi við ákvæði samnings og gildandi reglna.
8. Ef tannlæknar gæta ítrekað ekki ítrustu hagkvæmni gagnvart sjúkratryggingum landsmanna.
9. Ef gerð skýrslna eða útgáfa vottorða stangast á við ákvæði laga eða reglugerða.

Komi í ljós veruleg og endurtekin frávik í vinnu einstaka tannlækna, sem ekki eiga sér eðlilegar skýringar skulu Sjúkratryggingar senda fyrirmæli um breytta framkvæmd og eftir atvikum ákvarða takmarkanir á nýtingu gjaldskrár. Verði viðkomandi tannlæknir ekki við þeim fyrirmælum skulu Sjúkratryggingar segja upp samningi við hann.

Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu tannlækna að ræða geta Sjúkratryggingar sagt upp samningi þessum gagnvart þeim án fyrirvara.

Áður en til uppsagna kemur skal málið tekið fyrir í samstarfsnefnd aðila.

Að sama skapi er tannlækni heimilt að rifta samningi telji hann Sjúkratryggingar hafa á sér brotið t.d. með synjun á greiðslu reikninga.

19. gr.

Uppsögn

Tannlækni sem ekki vill lengur starfa samkvæmt samningi þessum, ber að tilkynna það skriflega til Sjúkratrygginga með eins mánaðar fyrirvara miðað við mánaðarmót.

Sjúkratryggingumj er heimilt með sama uppsagnarfresti að segja samningi þessum upp gagnvart tannlækni sem hefur orðið uppvís að misbeitingu gjaldskrár eða uppfyllir ekki skyldur sínar skv. samningum að öðru leyti, að undangenginni viðvörðun sem send er með

rafrænum hætti. Sé um stórfellt misferli hjá tannlækni að ræða geta Sjúkratryggingar fyrirvaralaust sagt upp samningi gagnvart honum. Skal það tilkynnt tannlækni og samstarfsnefnd með rafrænum hætti. Telji samstarfsnefnd ástæðu til getur hún tekið upp mál sem varðar uppsögn tannlæknis af samningi.

Komi til bótakröfu Sjúkratrygginga á hendur tannlækni er viðurkenndur réttur stofnunarinnar til að annast einnig kröfu vegna greiðsluhluta þess sjúkratryggða.

20. gr.

Meðferð ágreiningsmála, réttarfar

Um meðferð ágreinings og réttarfars fer skv. gr. 15 og 16 í fylgiskjali VII.

21. gr.

Verklok og viðskilnaður

Um verklok og viðskilnað fer skv. 13. gr. í fylgiskjali VII.

22. gr.

Gildistími

Samningur þessi og þeir þjónustusamningar sem gerðir verða á grundvelli hans gilda frá og með 1. september 2024. til og með 31. ágúst 2029. Hann öðlast þó ekki gildi fyrr en hann hefur verið staðfestur af heilbrigðisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra. Samhliða fellur úr gildi rammamningur um tannlækningar utan sjúkrahúsa, dags. 31. maí 2023. Með staðfestingu sinni veita heilbrigðisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra Sjúkratryggingum heimild til að undirrita þjónustusamninga við einstaka tannlækna án þess að það kalli á frekari staðfestingu af þeirra hendi. Samningnum má segja upp með 6 mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót, ef forsendur samningsins breytast verulega.

Hafi nýr samningur ekki komist á við lok samningstímans, skal starfað áfram eftir honum, en hvor aðili fyrir sig getur sagt upp slíku fyrirkomulagi með 3 mánaða fyrirvara.

23. gr.

Fyrirvarar

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um staðfestingu heilbrigðisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra.

Samningur þessi er undirritaður af hálfu TFÍ með fyrirvara um samþykki félagsfundar.

Fjárhæðir í samningnum eru settar fram með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu á fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunni að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma.

Greiðslupátttaka vegna tannlækninga kann að taka breytingum vegna breytinga á reglugerð heilbrigðisráðherra um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar og tannréttingar.

Að öðru leyti fer um fyrirvara skv. 17. gr. í fylgiskjali VII.

Ákvæði til bráðabirgða

Þann 1. september n.k. tekur gildi ný aðgerðarskrá TFÍ og Sjúkratrygginga, sbr. fylgiskjal III, og gjaldskrá, sbr. fylgiskjal IV. Fram að þeim tíma skal eldri gjaldskrá og aðgerðarskrá halda gildi sínu, sbr. samning Sjúkratrygginga og TFÍ um rafræn samskipti og aðgerðarskrá, dags. 11. apríl 2013.

Þrátt fyrir ákvæði 22. gr. samningsins taka þann 1. júlí n.k. gildi ný verð fyrir eftirfarandi gjaldliði, eins og þau eru skilgreind í gjaldskrá í fylgiskjali IV: 012, 013, 024, 030, 031, 032, 241, 245, 250, 251, 255, 256, 257, 258, 259, 308, 311, 312, 313, 314, 315, 316, 317, 318, 319, 320, 321, 322, 323, 325, 326, 327, 328, 401, 402, 407, 420, 422, 427, 428, 431, 432, 453, 457, 524, 525, 529, 557, 558, 614, 632, 650, 655, 660, 680, 685, 701, 702, 703, 704, 713, 715, 716, 717, 721, 722, 723, 724, 729, 731, 736, 740, 741, 742, 744, 760, 921, 922, 923, 926, 932. Jafnframt skal hámark allra T-liða hækka um 10% á sama tíma. Að öðru leyti skal fara um endurskoðun T-liða eins og greinir í samstarfssamningi, sbr. fylgiskjal I.

Verð í gjaldskrá eru á verðlagi janúar 2024. Þann 1. júlí 2024 kemur til framkvæmda verðbreyting, sbr. gildandi rammasamning Sjúkratrygginga og tannlækna um tannlækningar utan sjúkrahúsa, dags. 31. maí 2024. Þá munu öll verð gjaldskrár uppfærast í samræmi við 4. mgr. 8. gr. gildandi rammasamnings, óháð því hvort þau taka gildi 1. júlí eða 1. september n.k.

Reykjavík, 13. júní 2024

Samningur þessi er undirritaður með rafrænum hætti.

Bókun TFÍ:

TFÍ telur mikilvægt að greiðsluþátttaka SÍ í kostnaði við föst tanngervi og tannplanta í tennta einstaklinga hækki fyrir aldraðra og öryrkja, vegna tannplanta eða annars fasts tanngervis í tenntan góm, framan við 12 ára jaxla, á hverju 12 mánaða tímabili, hækki úr 75% af verði ígræðslu planta samkvæmt gjaldskrárnúmer 557 í 100% af verði ígræðslu planta samkvæmt gjaldskrárnúmeri 557, í þremur áföngum á næstu þremur árum þannig að greiðslur hækki í 80% af gjaldskrárnúmeri 557 á árinu 2025, í 90% af gjaldskrárnúmeri 557 á árinu 2026 og verði orðnar 100% af gjaldskrárnúmeri 557 fyrir lok árs 2027.

Samstarfssamningur

Sjúkratrygginga Íslands og Tannlæknafélags Íslands vegna samnings um tannlækningar utan sjúkrahúsa

Samstarfsnefnd

Aðilar skulu skipa fjögurra manna samstarfsnefnd sem sinnir þeim verkefnum sem tilgreind eru í samningi þessum. Hvor aðili um sig tilnefnir tvo aðila í nefndina. Samstarfsnefndin er vettvangur samstarfs um samninga aðila og framtíðarsýn varðandi skipulag á þjónustu tannlækna. Sjúkratryggingar leggja nefndinni til starfsmann.

Samstarfsnefnd getur skipað sérstaka starfshópa til að vinna að einstökum verkefnum. Samstarfsnefnd kallar að jafnaði til aðila úr viðkomandi sérgrein þegar fjallað er um mál hennar.

Til þess að ákvarðanir samstarfsnefndar verði bindandi þarf einróma samþykki nefndarmanna. Ágreiningsmálum er unnt að vísa til samninganefnda TFÍ og Sjúkratrygginga.

Ákvarðanir samstarfsnefndar um breytingar, túlkun eða framkvæmd á samningi þessum, eru bindandi gagnvart tannlæknum sem starfa samkvæmt samningi þessum.

Samstarfsnefnd getur sett sér nánari starfsreglur, sem skulu þá birtar á vefsíðu Sjúkratrygginga.

Hlutverk samstarfsnefndar er eftirfarandi:

1. Vera vettvangur samstarfs vegna þarfagreiningar, kostnaðargreiningar og annarra samstarfsverkefna.
2. Vera leiðbeinandi um framkvæmd og túlkun samningsins og leitast við að koma á sáttum í ágreiningsmálum er upp kunna að koma í samskiptum aðila.
3. Fylgjast með hlutfallslegri notkun tannlækna á gjaldliðum sem hafa skilgreind viðmið í aðgerðarskrá og bregðast við eins og þörf er.
4. Eiga samstarf um skilgreiningar og klínísk viðmið verka fyrir aðgerðarskrá TFÍ eða verklagsreglur Sjúkratrygginga.
5. Fjalla um forgangs röðun þjónustu og breytingar á gjaldskrá í þágu hennar. Í þessu sambandi skal samstarfsnefnd meðal annars fara yfir beiðnir um ný verk á gjaldskrá og leggja mat á umfang og kostnað og hvort þjónustan komi í stað annarrar þjónustu í samningnum eða feli í sér tilfærslu frá öðrum þjónustuveitendum.
6. Fjalla um álitamál sem snúa að samningum sem kunna að koma upp vegna samskipta sjúklinga og tannlækna.
7. Fara yfir þau eftirlitsmál Sjúkratrygginga sem beinast að starfsemi tannlækna og veita stofnuninni ráðgjöf um framkvæmd þeirra.
8. Fara yfir frávik einstaka tannlækna í gjaldskrárnotkun og veitingu þjónustu í samanburði við sambærilega tannlækna.
9. Taka til umfjöllunar tilvik þar sem vafi leikur á hvort tannlæknir sé hæfur til að veita þjónustu af viðeigandi gæðum og öryggi. Í slíkum tilfellum getur samstarfsnefnd lagt til að fara skuli fram sérstakt mat á hæfni.
10. Eiga faglegt samstarf. Hvor aðili fyrir sig getur óskað eftir fundi um önnur fagleg mál, en að ofan greinir.

Þróunarverkefni

Þróunarverkefni á samningstímanum skulu vera eftirfarandi:

1. **Formleg þarfagreining.** Á samningstímanum verði unnið að þarfagreiningu og mótun aðferða við forgangsröðun þjónustu.
2. **Kostnaðargreining.** Á samningstímanum koma aðilar sér saman um framkvæmd, tímaramma og aðferðafræði við kostnaðargreiningu verka. Samstarfsnefnd getur fengið sérfróða aðila til að vinna greininguna og aðstoða við verkefnið. Aðilar samningsins munu leggja fram nauðsynleg gögn til hans. Kostnaðargreiningin verður notuð til endurskoðunar aðgerðarskrár og gjaldskrár. Kostnaðargreiningin tekur einnig til kostnaðar við efni og einnota áhöld, tannsmíðakostnaðar, o.fl. Í forgangi við kostnaðargreiningu skal vera endurskoðun aðgerðar- og gjaldliða vegna tillagna sérfræðinga í tann- og munngevalækningum eins og nánar er lýst að neðan.
3. **Endurskoðun á starfsumhverfi sérfræðinga.** Á samningstímanum verði ráðist í endurskoðun og úrbætur á starfsumhverfi sérfræðinga í tannlækningum með það að markmið að efla nýliðun í sérfræðistéttum tannlækna. Sérstaklega verði horft til þess hvernig verð a gjaldliðum sérfræðinga eru skilgreind, hvernig aðstæðum til sérfræðináms er háttáð auk þess sem hugað verði að alþjóðlegu samstarfi.
4. **Efla stýritæki kostnaðarþróunar með hliðsjón af fjárveitingum.**
5. **Styrkja miðlun gagna og stuðla að fræðilegri uppbyggingu.**
6. **Þróun nýrra greiðsluaðferða.** Unnið verður að framtíðarsýn um greiðsluþátttöku og greiðsluaðferðir fyrir tannlækningar. Skoðaðir verði kostir og gallar mismunandi greiðsluaðferða, m.a. með hliðsjón af almennri framþróun varðandi fjármögnun heilbrigðisþjónustu og mögulegra breytinga á reglugerð um greiðsluþátttöku í tannlækningum. Litið verði til eftirfarandi greiðsluaðferða:
 - a. Greiðslur fyrir hvert verk eins og verið hefur.
 - b. Greiðslur fyrir meðferðarlotur, þar sem öll verk vegna tiltekins sjúklings í einni heimsókn eða mörgum samtengdum heimsóknum eru innifalin í einu skilgreindu verði
 - c. Greiðslur á grundvelli meðferðarþarfa fyrir einstakling í samfelldri meðferð í ákveðinn tíma.Jafnframt verði skoðaðir kostir þess að nýta samsetta fjármögnun sem byggir bæði á föstum og breytilegum greiðslum. Einnig verði skoðaðir möguleikar á því að innleiða viðbótargreiðslur á grundvelli markmiða um aukna samvinnu, gæði og árangur. Samhliða ofangreindri vinnu verður litið til þess hvort að framkvæmd samningsins kalli á endurskoðun reglugerðar um greiðsluþátttöku í tannlækningum.
7. **Móta skýran ramma um framkvæmd tannlækninga í svæfingu og/eða á skurðstofum.**
8. **Endurskoðun greiðsluþátttöku vegna vitjana utan vinnutíma og vaktar vegna bráðra vandamála.**
9. **Vinna áfram að framþróun í skráningu barna hjá heimilistannlæknum.** Skoðuð verði sérstaklega skráning og afskráning barna hjá heimilistannlæknum og hvernig fyrirkomulagið tryggir best tannheilsu barna og eftir atvikum annarra.
10. **Endurskoðun T-liða í gjaldskrá.** Unnið verði að því að skilgreina framtíðarfyrirkomulag T-liða í gjaldskrá, þ.e. hvernig greitt er fyrir tannsmíðakostnað, íhluti og annan kostnað birgja. Horft verði til þess hvaða leiðir eru best til þess fallnar að tryggja fyrirsjáanleika fyrir báða samningsaðila og sjúklinginn. Haft verður samráð við tannsmíði í þeirri vinnu.
11. **Endurskoðun samnings vegna samnings við tannfræðinga, tannsmíði, klíniska tannsmíði og/eða aðrar starfstéttir.** Ef Sjúkratryggingar ná samningum við aðrar

fagstéttir á sviði tannheilsu eða tannlækninga á samningstímanum verður litið til þess hvort gera þurfi viðeigandi breytingar á samningi Sjúkratrygginga og TFÍ.

Endurskoðun einstakra ákvæða

Samhliða gildistöku nýs samnings mun samstarfsnefnd vinna að endurskoðun einstakra aðgerðar- og gjaldliða og einstakra samningsákvæða eins og nánar greinir hér:

1. Hvenær eðlilegt sé að greiða viðbótarálag vegna flókinna skurðaðgerða (gj. 081) og vegna flókinna meðferðar (gj. 082).
2. Greiðslupátttaka vegna tannlækninga á skurðstofu, m.a. varðandi aðstöðugjöld.
3. Greiðslupátttaka vegna utanumhalds og vinnu vegna túlkapjónustu.
4. Notkun eftirfarandi gjaldliða, m.t.t. notkunnar almennra tannlækna og sérfræðinga: Viðhaldsmeðferð (gj. 407)
5. Nauðsynlegra nýrra sérfræðiverka í munnlyflækniþjálfun, m.a. vegna liðskolunar (arthroenthesi), lágskammta laser meðferð (photobiomodulation) og varnarskinna.
6. Nauðsyn þess að viðhalda eða fella á brott umsóknarskyldu og endurskoða endurgjald fyrir einfaldar tunguhafts- og varahaftsáðgerðir.
7. Umsóknarskyldu vegna gjaldliða 577 og 578, hvort að breytingar sem gerðar hafi verið á gjaldskrá hafi náð þeim markmiðum sem hafi verið stefnt að, hvort að þær hafi stuðlað að betri tannheilsu þjóðarinnar og tryggt gæði þjónustunnar.
8. Úrdráttar endajaxla, með hliðsjón af breytingum á reglugerð, hvort að umsóknum hafi fækkað eins og stefnt hafi verið að og að ekki séu framkvæmdir ótímabærir úrdrættir.

Endurskoðun aðgerðar- og gjaldliða vegna tillagna sérfræðinga í tann- og munnervælækningum

Fyrir liggur endurmat sérfræðinga í tann- og munnervælækningum á umfangi vinnu við tiltekin verk í heilgóma- og partagerð og krónu- og brúargerð sem verða endurskoðuð á grundvelli kostnaðargreiningar á samningstímanum. Við gildistöku samnings þessa tekur gildi verðuppfærsla sem mætir tillögum sérfræðinga í tann- og munnervælækningum að nokkru leyti, eins og nánar greinir í gjaldskrá. Samstarfsnefnd mun framkvæma kostnaðargreiningu á þeim verkum sem fjallað er um í tillögunum með það að markmiði að endurgjald Sjúkratrygginga endurspegli raunkostnað verkanna. Tillögurnar er að finna í fylgiskjali I-A. Við kostnaðargreininguna mun samstarfsnefnd byggja á gögnum frá tannlæknum, m.a. ársreikningum, reikningum, tannsmíðareikningum og öðrum nauðsynlegum gögnum. Fulltrúar TFÍ í samstarfsnefnd munu hafa milligöngu um að afla nauðsynlegra gagna. Skal þessari endurskoðun lokið eigi síðar en 1. júní 2025. Ef kostnaðargreining leiðir í ljós að nauðsynlegt er að hækka umrædda gjaldliði verður það gert að því skilyrði uppfylli að viðeigandi fjárveitingar fái.

Fylgiskjal I-A: Tillögur sérfræðinga í tann- og munnngervalækningum

| Gjaldliður | Heiti gjaldliðar | Tímaeiningar (10mín hver) |
|------------|---|------------------------------|
| 701 | Stakur heilgómur | 36 |
| 702 | Heilgómasett | 51 |
| 703 | Sáragómur | 42 |
| 704 | Ásetugómur | 42 |
| 705 | Bráðabirgðaheilgómur | 19,5 |
| 711 | Bráðabirgðapartur með 1-3 tönnum | 0 |
| 712 | Bráðabirgðapartur með 4-6 tönnum | 12 |
| 713 | Stálpartur með einni eða fleiri tönnum | 46,5 |
| 714 | Bráðabirgðapartur með fleiri en 7 tönnum | 13,5 |
| 715 | Plantagómur í efri góm | 51 |
| 716 | Plantagómur í neðri góm | 40,5 |
| 717 | Stálgrindarpartur studdur af tannplöntum | 48 |
| 721 | Fóðrun góms eða parts (relining) | 16,5 |
| 722 | Fóðrun góms eða parts (rebasing) | 22,5 |
| 723 | Bráðabirgðafóðrun góms | 4,5 |
| 724 | Skipt á fóðringu í ásetugómi, hver festa | 1 |
| 725 | Skipt um festuhús í ásetugóm, hver festa | 6 |
| 729 | Stækkun á plastparti um eina eða fleiri tennur | 6 |
| 731 | Stækkun á stálgrindarparti, fyrsta tönn | 7,5 |
| 736 | Viðgerð á stálparti | 7,5 |
| 740 | Fóðrun helgóms að tannplöntum og ísetning festa, efri gómur | 22,5 |
| 741 | Fóðrun heilgóms að tannplöntum og ísetning festa, neðri gómur | 16,5 |
| 742 | Laus tanngervi merkt með kennitölu | 1 |
| 744 | Lagfæringar á lausum tanngervum vegna særinda í slímhúð | 2 |
| 760 | Lagfæring á lausum tanngervum úr plasti | 6 |

Samningur um þjónustu tannlæknis

milli Sjúkratrygginga Íslands, kt. 650309-0220 og neðangreinds tannlæknis

Nafn tannlæknis:

Kennitala:

Almennur tannlæknir/

Sérfræðingur:

Nafn fyrirtækis sem tekur við
greiðslu frá Sjúkratryggingum:

Kennitala fyrirtækis sem tekur við
greiðslu frá Sjúkratryggingum:

Upphaf starfs skv. samningi:

Ef breytingar verða á ofangreindu skal það tilkynnt Sjúkratryggingum og nýr samningur gerður í samræmi við það.

1. gr.

Gildissvið

Samningur þessi byggir á samningi Sjúkratrygginga og Tannlæknafélags Íslands, dags. 13. júní 2024, og eru samningsaðilar bundnir af ákvæðum samningsins. Með undirritun samnings þessa skuldbindur ofangreindur tannlæknir sig til að fara að ákvæðum ofangreinds samnings, sem og samstarfssamningi Sjúkratrygginga og Tannlæknafélags Íslands, dags. 13. júní 2024, m.a. ákvæðum um samstarfsnefnd, eftirlit ofl. Þá gilda endurskoðunarákvæði samstarfssamningsins um samning þennan.

2. gr.

Skyldur tannlæknis.

Tannlæknir, sem starfar á grundvelli samnings þessa, staðfestir með undirritun samningsins að hann hafi kynnt sér efni samninga ásamt fylgiskjölum og að hann muni starfa samkvæmt þeim.

3. gr.

Gildistími

Gildistími samnings þessa byggir á gildistíma samnings Sjúkratrygginga og TFÍ í fylgiskjali I. Falli samningurinn úr gildi fellur samningur þessi jafnframt úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Reykjavík, _____

Samningur þessi er undirritaður með rafrænum hætti.

Aðgerðarskrá tannlæknisverka TFÍ og greiðsluþátttaka Sjúkratrygginga

Í þessari aðgerðaskrá Tannlæknafélags Íslands (TFÍ) eru skráðar helstu aðgerðir sem tannlæknar sinna. Hver aðgerð hefur sitt fjögurra tölustafa *aðgerðarnúmer* Tannlæknafélags Íslands.

Ef Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) taka þátt í kostnaði við tiltekna meðferð er þriggja tölustafa *gjaldskrárnúmer* SÍ í sviga aftan við aðgerðarnúmer TFÍ.

Við hvern lið er skráð bæði lýsing TFÍ á viðkomandi meðferð og greiðsluþátttaka SÍ.

Greiðsluþátttaka SÍ lýsa greiðslu SÍ fyrir viðkomandi gjaldskrárnúmer og þeim takmörkunum sem á henni kunna að vera samkvæmt gildandi reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar og gildandi gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands fyrir tannlækningar og tannréttingar.

Ef munur er á lýsingu á tilteknu aðgerðarnúmeri og greiðsluþátttöku SÍ fyrir það númer samkvæmt skjali þessu fer greiðsla SÍ eftir ákvæðum gildandi reglugerðar og gjaldskrár.

Þar sem kveðið er á um hlutfallslega notkun gjaldskrárnúmers miðað við sjúklingahóp tannlæknis er vísað til þess hóps sem nýtur greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga hverju sinni.

Þar sem tannsmíðakostnaður er ekki innifalinn í aðgerðarlið greiðist hann aðeins samkvæmt skilgreindum T-lið.

1 Forvarnir og almenn þjónusta

Við veitingu þjónustu skal fylgja gagnreyndri alþjóðlegri þekkingu á sviði heilbrigðisþjónustu og taka mið af faglegum tilmælum, viðmiðum og leiðbeiningum embættis landlæknis eftir því sem við á. Aðkeyptur tannsmíðakostnaður og rannsóknir greiðast í sama hlutfalli og vinna tannlæknis, samkvæmt frumriti reiknings, að ákveðnu hámarki, þar sem fram komi nafn sjúklings ásamt sundurliðun á vinnu, efni og rannsóknum.

1000 (090) - Aðgerð sem ekki er talin annars staðar í kaflinum

Lýsing: Óskilgreindur aðgerðarliður

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

2001 - Seðilgjald

Lýsing: Gjald vegna útgáfu greiðsluseðils

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

2002 - Vanskilagjald og dráttarvextir

Lýsing: Vanskilagjald og dráttarvextir

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1.1 Skoðun, greining og upplýsingagjöf

1010 (001) - Viðtal

Lýsing: Sjúklingur kemur í viðtal til tannlæknis þar sem farið er yfir óskir og væntingar viðkomandi og/eða meðferðarmöguleikar ræddir.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni í heimsókn og mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum. Greiðist ekki með gjaldskrárnúmerum 002-005, 007, 009 og 075-078.

1020 (002) – Bráðaskoðun

Lýsing: Skoðun sjúklings vegna bráðatilviks. Greining orsakavalds og ákvörðun tekin um frekari meðferð.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni í heimsókn og mest þrisvar á hverjum 12 mánuðum. Greiðist ekki með 001, 003 og 004.

1030 (003) - Nýskoðun, greining og skráning

Lýsing: Fyrsta koma sjúklings til viðkomandi tannlæknis. Nákvæm sjúkrasaga (anamnesis) skráð, skoðun, ásamt áhættumati og ráðgjöf. Ástand munnhols (status presens) skráð.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni fyrir hvern nýjan sjúkling tannlæknis.

1040 (004) - Áfangaskoðun

Lýsing: Skráður sjúklingur kemur í reglubundið eftirlit þar sem fylgst er með framvindu tannheilsu, og meðferðarþörf metin. Ástand (status presens) skráð og áhættumat endurmetið.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni í komu og mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum greiðist aldrei með gjaldskrárnúmeri 009 né á næstu 6 mánuðum eftir að það hefur verið greitt.

1070 (007) - Ástandsskoðun

Lýsing: Skráður sjúklingur kemur í skoðun og röntgengreiningu að beiðni SÍ, þar sem fylgst er með framvindu tannheilsu og meðferðarþörf metin. Ástand (status presens) skráð og áhættumat endurmetið. SÍ sendar skráðar upplýsingar ásamt röntgenmyndum samkvæmt beiðni.

Greiðsluþátttaka SÍ: SÍ endurgreiða verkið í stað áfangaskoðunar (004) mest einu sinni í komu og mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum. Greiðist aldrei með gjaldskrárnúmeri 004 né á næstu tólf mánuðum eftir að það hefur verið greitt.

1090 (009) – Áhættuskoðun

Lýsing: Skoðun einstaklings í sérstakri áhættu vegna tannátu þar sem fylgst er með framvindu tannheilsu. Ástand (status presens) skráð og áhættumat endurmetið.

Greiðsluþátttaka SÍ: Endurgreiðist aðeins fyrir einstaklinga í sérstakri áhættu og mest einu sinni í komu og mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum aldrei með gjaldskrárnúmeri 004 né á næstu sex mánuðum eftir að það hefur verið greitt. Færi tannlæknir gjaldskrárnúmer 009 á reikning vottar hann þar með að einstaklingurinn sé í aukinni áhættu svo sem vegna tannátu, munnþurrks, glerungsgalla, glerungseyðingar, tannréttinga, tannskipta, hegðunar, heilkenna, geislameðferðar, undirliggjandi sjúkdóma, fötlunar, o.fl. Hlutfallsleg notkun miðast við allt að 30% barna hjá tannlæknum og allt að 40% hjá barnatannlæknum.

1600 (060) – Vitjun sjúklings utan tannlæknastofu

Lýsing: Sjúklings er vitjað heima eða á stofnun. Til notkunar fyrir tannlækni sem hefur meginstarfsstöð á eigin stofu en þarf að sinna tilfallandi vitjun utan eigin stofu. Ekki ætlað til notkunar fyrir tannlækna sem sinna þjónustu við einstaklinga á stofnunum með reglubundnum hætti.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni í vitjun.

1603 - Aðstöðugjald á aðgerðarstað

Lýsing: Aðstöðugjald sem tannlækni er gert að greiða t.d. á sjúkrahúsum eða öðrum stofnunum.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1021 (061) -Bráðavitjun utan almenns vinnutíma á tannlæknastofu.

Lýsing: Tannlæknir sem sinnir hefðbundinni tannlæknaþjónustu á dagvinnutíma sinnir skjólstæðingi utan almenns vinnutíma á eigin tannlæknastofu. Felur í sér tilfallandi skoðun, vegna bráðatilviks á tannlæknastofu.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni í vitjun.

1030 (063) - Vitjun sjúklings á dvalar- eða hjúkrunarheimili á herbergi

Lýsing: Sjúklings vitjað á dvalar- eða hjúkrunarheimili. Til notkunar fyrir tannlækni sem sinnir þjónustu við einstaklinga á dvalar- eða hjúkrunarheimili með reglubundnum hætti. Felur í sér vitjun og uppsetningu færanlegrar tannlæknastofu inni á herbergi sjúklings. Notkun á þessu gjaldskrárnúmeri fmiðast við að meðferðarþörf sjúklingsins sé slík að hún kalli á uppsetningu á búnaði og frágangi sem tekur að lágmarki 20 mínútur.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni fyrir hvern sjúkling í hverri vitjun. Greiðist ekki með gjaldskrárnúmerum 060, 061 og 064.

1031 (064) - Einföld vitjun sjúklings á dvalar- eða hjúkrunarheimili á herbergi

Lýsing: Sjúklings vitjað á dvalar- eða hjúkrunarheimili. Til notkunar fyrir tannlækni sem sinnir þjónustu við einstaklinga á dvalar- eða hjúkrunarheimili með reglubundnum hætti. Notkun á þessu gjaldskrárnúmeri miðast við að sjúklingurinn hafi minni meðferðarþörf en skv. gjaldskrárnúmeri 063 og að ekki sé þörf á umfangsmikilli uppsetningu búnaðar til að sinna sjúklingnum.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni fyrir hvern sjúkling í hverri vitjun. Greiðist ekki með gjaldskrárnúmerum 060, 061 og 063.

1075 (075) – Skoðun hjá sérfræðingi.

Lýsing: Liðinn má sérfræðingur nota þegar hann skoðar sjúkling vegna vandamáls sem varðar sérgrein hans sérstaklega. Ef sérfræðingur hefur sjúkling til almennrar tannlæknisheimsóknar skal nota almenna skoðunarliði. Hefðbundin skoðun og viðtal sjúklings hjá sérfræðingi vegna einfaldra, algengra vandamála, sem fer fram í sérstakri heimsókn. Miðað er við að sérfræðingur verji allt að 30 mínútum í viðtal, skoðun og vinnu sem unnin er þegar sjúklingur er ekki til staðar. Framkvæmd takmörkuð skoðun, farið yfir sjúkrasögu og lyfjanotkun, núverandi kvörtun greind og meðferð ákveðin. Innfalið í liðnum er færsla sjúkraskrár, ritun læknaþréfs, móttaka og mat á rannsóknarniðurstöðum, símtöl við sjúkling og eftir atvikum stutt samráð við aðra heilbrigðisstarfsmenn. Ekki er gert ráð fyrir að sérfræðingar noti skoðunarliði oftar en á 12 mánaða fresti fyrir hvern sjúkling nema um sé að ræða nýtt vandamál/nýja sjúkdómsgreiningu.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni í komu fyrir hvern sjúkling. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárliðum en 005, 011-024, 030-034, 052, 057-060.

1076 (076) - Umfangsmikil skoðun hjá sérfræðingi.

Lýsing: Liðinn má sérfræðingur nota þegar hann skoðar sjúkling vegna vandamáls sem varðar sérgrein hans sérstaklega. Ef sérfræðingur hefur sjúkling til almennrar tannlæknisheimsóknar skal nota almenna skoðunarliði. Skoðun sjúklings hjá sérfræðingi, sem fer fram í sérstakri heimsókn, þar sem þörf er á meiri tíma til skoðunar, greiningar, upplýsingaöflunar og/eða upplýsingagjafar þegar fyrirbyggjandi vandi er flókinn og/eða sjúklingur hefur annan flókinn heilsufarsvanda sem hefur áhrif á meðferð. Skoðunin fer fram í sérstakri heimsókn. Framkvæmd takmörkuð skoðun, farið yfir sjúkrasögu og lyfjanotkun, núverandi kvörtun greind og meðferð ákveðin. Miðað er við sérfræðingur verji allt að 60 mínútum í skoðun, viðtal og vinnu sem unnin er þegar sjúklingur er ekki til staðar. Innfalið í liðnum er færsla sjúkraskrár, ritun læknabréfs, móttaka og mat á rannsóknarniðurstöðum, símtöl við sjúkling og samráð við aðra heilbrigðisstarfsmenn. Ekki er gert ráð fyrir að sérfræðingar noti skoðunarliði oftar en á 12 mánaða fresti fyrir hvern sjúkling nema um sé að ræða nýtt vandamál/nýja sjúkdómsgreiningu.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni fyrir hvern sjúkling, hjá hverjum sérfræðingi. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum en 005, 011-024, 030-034, 052, 057-060. Hlutfallsleg notkun miðast við allt að 20% sjúklingahóps hjá sérfræðingum, þó skal notkun hjá tann- og munngervalæknum og sérfræðingum í munnlyflækningum vera allt að 60%.

1077 (077) - Einfalt eftirlit hjá sérfræðingi

Lýsing: Einfalt eftirlit eftir meðferð sérfræðings. Miðað er við að sérfræðingur verji að jafnaði 10 mín í eftirlitið. Innifalin í liðum eru þau verk sem almennt má teljast eðlilegt að framkvæmd séu í eftirlitsheimsókn, s.s. skoðun og mat á græðslu/árangri meðferðar, saumataka, fræðsla til sjúklings o.s.frv.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni í komu fyrir hvern sjúkling. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum en 005, 011-024, 052, 057-060, 522 og 540.

1078 (078) - Umfangsmikið eftirlit hjá sérfræðingi

Lýsing: Umfangsmikið og tímafrekt eftirlit eftir meðferð sérfræðings. Þennan lið má nota þegar eftirlitsheimsókn er sérstaklega tímafrek, eða a.m.k. 20 mín. Ekki er gert ráð fyrir að þessi liður sé notaður oftar en einu sinni fyrir hverja meðferð.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni í komu fyrir hvern sjúkling. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum en 005, 011-024, 030-034, 052, 057-060 og 058. Hlutfallsleg notkun miðast við allt að 10% sjúklingahóps hjá sérfræðingum, þó skal notkun hjá sérfræðingum í munnlyflækningum vera allt að 50%.

1109 - Sjúklingur upplýstur um vandamál og meðferðarmöguleika

Lýsing: Sérstök heimsókn þar sem sjúklingur er upplýstur um vandamál og meðferðarmöguleika eftir ítarlega gagnatöku (case presentation).

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1080 - Ekki mætt í bókaðan tíma (skróp)

Lýsing: Sjúklingur tannlæknis mætir ekki í bókaðan tíma.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1.1 Taka og greining röntgenmynda**1110 (011) - Tannrótarmynd (periapical röntgenmynd), hver mynd**

Lýsing: Röntgenmynd, tannrótarmynd. Aðgerðin felur í sér röntgenmynd á stafrænu formi eða hefðbundna filmu, greiningu og varðveislu með auðkenni sjúklings og tókudegi.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest sex sinnum á hverjum 12 mánuðum.

1120 (012) - Bitmynd, hver mynd

Lýsing: Röntgenmynd af tannkrónum annarrar hliðar tannboga. Aðgerðin felur í sér röntgenmynd á stafrænu formi eða hefðbundna filmu, greiningu og varðveislu með auðkenni sjúklings og tókudegi.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest tvisvar sinnum á hverjum 12 mánuðum hjá 10 ára og yngri. Greiðist mest fjórum sinnum á hverjum 12 mánuðum fyrir 11 ára og eldri.

1121 (014) - Áhættubítmynd, hver mynd

Lýsing: Röntgenmynd af tannkrónum annarrar hliðar tannboga. Aðgerðin felur í sér röntgenmynd á stafrænu formi eða hefðbundna filmu, greiningu og varðveislu með auðkenni sjúklings og tökudegi.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest tvisvar sinnum á hverjum 12 mánuðum og einungis með gjaldskrárnúmeri 009.

1122 - Eftirmynd, hver rótarmynd eða bitmynd

Lýsing: Eftirmynd af tannrótarmynd eða bitmynd útbúin til að senda afrit til annars aðila.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1130 (013) - Heildarröntgen, fullorðinstennur

Lýsing: Heildarröntgen. Intraoral röntgenstatus af fullorðnum með a.m.k. 10 rótar- og bitmyndum. Aðgerðin felur í sér röntgenmyndir á stafrænu formi eða hefðbundnar filmur, greiningu og varðveislu með auðkenni sjúklings og tökudegi.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni á hverjum 24 mánuðum.

1131 - Heildarröntgen, barn

Lýsing: Heildarröntgen. Intraoral röntgen-status af barni með 10 rótar- og bitmyndum. Aðgerðin felur í sér röntgenmyndir á stafrænu formi eða hefðbundnar filmur, greiningu og varðveislu með auðkenni sjúklings og tökudegi.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1181 (011) - Flatmynd (occlusalmynd)

Lýsing: Flatmynd (occlusalmynd). Stór filma notuð innan munns (intraoral) við myndatöku af tannbogum og næsta umhverfi, tekin á stafrænu formi eða hefðbundna filmu. Aðgerðin felur í sér greiningu og varðveislu með auðkenni sjúklings og tökudegi.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest sex sinnum á hverjum 12 mánuðum.

1182 - Eftirmynd, hver flatmynd

Lýsing: Eftirmynd af flatmynd útbúin til að senda afrit til annars aðila.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1161 (018) - Kjálkaliðsmynd

Lýsing: Kjálkaliðsmynd. Röntgenmyndataka af kjálkalið t.d. undir transpharyngeal, transcranial eða transorbital horni. Aðgerðin felur í sér röntgenmynd á stafrænu formi eða hefðbundna filmu, greiningu og varðveislu með auðkenni sjúklings og tökudegi.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni í komu.

1162 (018) - Kjálkaliðsmynd með skuggaefni

Lýsing: Kjálkaliðsmynd með skuggaefni sem sprautað er inn í kjálkalið. Aðgerðin felur í sprautun skuggaefnis, röntgenmynd á stafrænu formi eða hefðbundna filmu, greiningu og varðveislu með auðkenni sjúklings og tökudegi.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni í komu.

1183 (018) – 8017 (817) Vangamynd höfuðs (profilmynd)

Lýsing: Vangamynd höfuðs, (profilröntgen-mynd). Aðgerðin felur í sér hliðarröntgenmynd af höfuðbeinum á stafrænu formi eða hefðbundna filmu, greiningu og varðveislu með auðkenni sjúklings og tökudegi.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni í komu.

1180 (018) - Breiðmynd (orthopantomogram)

Lýsing: Breiðmynd. Yfirlitsmynd af kjálkabeinum, stöðu og fjölda tanna og tannkíma, á stafrænu formi eða hefðbundna filmu, greining og varðveisla með auðkenni sjúklings og tókudegi. Ekki er gert ráð fyrir að liðurinn sé notaður oft en einu sinni á 12 mánuðum.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni í komu.

1184 (018) - Andlitsmynd (post.-ant. rtg. mynd)

Lýsing: Andlitsmynd (PA eða AP röntgen-mynd, extraoral). Aðgerðin felur í sér röntgenmynd af andlitsbeinum t.d. til að meta beinbrot, á stafrænu formi eða hefðbundna filmu, greiningu og varðveislu með auðkenni sjúklings og tókudegi.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni í komu.

1185 (814) – 8014 Handarröntgenmynd

Lýsing: Handarröntgenmynd. Aðgerðin felur í sér röntgenmynd af hendi, til að meta þroska og vöxt, á stafrænu formi eða hefðbundna filmu, greiningu og varðveislu með auðkenni sjúklings og tókudegi.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

1186 - Eftirmynd, hver breiðmynd, vangamynd, eða handröntgenmynd

Lýsing: Eftirmynd af breiðmynd, vangamynd, eða handröntgenmynd útbúin til að senda afrit til annars aðila.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1187 (019) - Svæðisbundin sneiðmynd af kjálkabeini

Lýsing: Svæðisbundin sneiðmynd af kjálkabeini. Röntgensneiðmynd tekin af kjálkabeini/tönnum til þess að meta meinsemdir og eða ástand í tönnum/kjálkum þegar tvívíðar röntgenmyndir eru ekki fullnægjandi fyrir greiningu og eða meðferð. Felur í sér myndatökuna sjálfa, greiningu allrar myndarinnar og varðveislu með auðkenni sjúklings og tókudegi.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist sérfræðingum án umsóknar í samræmi við vinnureglur sem Sjúkratryggingar gefa út á grundvelli reglugerðar. Greiðist hjá öðrum að undangenginni umsókn. Greiðist mest einu sinni í komu.

1220 - Tvímynd, hver mynd (digital eða tvöföld filma)

Lýsing: Viðbótarmynd úr tveggja filmu umslagi eða afrit af mynd á stafrænu formi.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1.2 Deyfingar og sefun

1300 (030) – Yfirborðsdeyfing, hver fjórðungur

Lýsing: Yfirborðsdeyfiefni sett á svæði, sem deyfa skal með ísúnar- eða svæðisdeyfingu.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung í hverri heimsókn. Greiðist aðeins ef greitt er fyrir aðra meðferð í sama fjórðungi í sömu heimsókn, enda sé deyfing ekki innifalin í þeirri meðferð.

1310 (031) - Infiltrationsdeyfing við 1-3 tennur

Lýsing: Ísúnardeyfing á tannsvæði einnar til þriggja tanna.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung í hverri heimsókn. Greiðist aðeins ef greitt er fyrir aðra meðferð í sama fjórðungi í sömu heimsókn, enda sé deyfing ekki innifalin í þeirri meðferð.

1320 (032) - Svæðisdeyfing

Lýsing: Svæðisdeyfing. Tennt eða tannlaust svæði stofntaugar leiðsludeyft (blockdeyfing).

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung í hverri heimsókn. Greiðist aðeins ef greitt er fyrir aðra meðferð í sama fjórðungi í sömu heimsókn, enda sé deyfing ekki innifalin í þeirri meðferð.

1311 (031) - Tannvegs (periodontal ligament) deyfing

Lýsing: Deyfilyfi þrýst niður tannveg (ligament) tannar með sprautu.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni fyrir hverja heimsókn. Greiðist aðeins ef greitt er fyrir aðra meðferð í sömu heimsókn, enda sé deyfing ekki innifalin í þeirri meðferð.

1312 (033) – Ísúnardeyfing - sem ekki er gefin í tengslum við tannfyllingu/aðgerðir í munnholi

Lýsing: Ísúnardeyfing á tannsvæði sem gefin er til að átta sig á uppruna verkja á kjálka- og andlitssvæði.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung í hverri heimsókn.

1321 (034) – Svæðisdeyfing – sem ekki er gefin í tengslum við tannfyllingu/aðgerðir í munnholi

Lýsing: Tennt eða tannlaust svæði stofntaugar leiðsludeyft til að átta sig á uppruna verkja á kjálka- og andlitssvæði.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung í hverri heimsókn.

1350 (035) – Glaðloft

Lýsing: Glaðloftssefun, glaðloftsslæving. Slæving eða sefun sjúklings með hjálp glaðlofts (N₂O) við meðferð. Ein eining af glaðlofti skal teljast 15 mínútur.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist aðeins fyrir börn og þroskahamlaða að hámarki þrisvar sinnum í hverri heimsókn og mest sextán sinnum á einu almanaksári.

1351 (036) - Sefun með lyfjagjöf um munn, nef eða endaparm

Lýsing: Sefun, slæving með hjálp lyfja. Lyf gefið um munn eða parenteralt til sefunar/slævingar við meðferð.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni í komu og mest fjórum sinnum á 12 mánaða tímabili ef SÍ taka þátt í að greiða fyrir aðgerð sem framkvæmd er í sömu heimsókn.

1352 (037) - Sefun með lyfjagjöf í æð, vöðva eða undir húð

Lýsing: Sefun, slæving með hjálp stungulyfja. Lyf gefið í æð, vöðva eða undir húð til sefunar/slævingar við meðferð.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist aðeins hjá sérfræðingum. Greiðist mest einu sinni í komu og mest fjórum sinnum á 12 mánaða tímabili ef SÍ taka þátt í að greiða fyrir aðgerð sem framkvæmd er í sömu heimsókn.

1370 - Undirbúningur vegna aðgerðar í svæfingu 1262 og 1263

Lýsing: Aðgerðarstofa undirbúin fyrir meðhöndlun sjúklings í svæfingu.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1375 (081) – Viðbótarálag vegna flókinnar skurðaðgerðar

Lýsing: Viðbótarálag sem lagt er á aðgerð sem hefur í för með sér sérstaklega aukna hættu á varanlegum fylgikvillum, eða er sérstaklega vandasöm s.s. vegna anatómískra aðstæðna.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist án umsóknar hjá sérfræðingum. Ekki er gert ráð fyrir að liðurinn sé notaður oftari en tvisvar á 12 mánaða tímabili samhliða öðrum aðgerðarliðum vegna flókinnar aðgerðar. Greiðist í samræmi við vinnureglur sem Sjúkratryggingar gefa út á grundvelli reglugerðar. Varðveita skal gögn (sneiðmyndir, röntgenmyndir, ljósmyndir) sem staðfesta þær anatómísku aðstæður sem réttlættu notkun liðarins.

1376 (082) – Viðbótarálag vegna flókinnar meðferðar/aðgerðir

Lýsing: Viðbótarálag sem lagt er á vegna meðferðar sem telst sérstaklega flókin vegna aðstæðna sjúklings, t.d. einstaklingar með fjölfötun, þroskaskerðingar, einhverfu, spastískar hreyfingar, Parkinsons, Alzheimer og elligliöp. Miðast við hámark 5% sjúklingahóps tannlæknis.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist án umsóknar hjá sérfræðingum, eða með umsókn hjá almennum tannlæknum. Ekki er gert ráð fyrir að liðurinn sé notaður oftari en tvisvar á 12 mánaða tímabili samhliða öðrum aðgerðarliðum vegna flókinnar meðferðar/aðgerðar. Greiðist í samræmi við vinnureglur sem Sjúkratryggingar gefa út á grundvelli reglugerðar.

1410 (040) - Aðlögunarmeðferð (án tímatakmarkana)

Lýsing: Aðlögunarmeðferð. Fortölur sjúklings með tannlæknafælni. Ekki er gert ráð fyrir að liðurinn sé notaður fyrir börn eldri en 10 ára nema vegna sérstakra aðstæðna. Ekki er gert ráð fyrir að liðurinn sé notaður oftari en tvisvar á 12 mánuðum fyrir hvern sjúkling. Hlutfallsleg notkun miðast við allt að 15% sjúklingahóps tannlæknis. Hlutfallsleg notkun hjá barnatannlæknum miðast við allt að 30%.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni í komu. Greiðist fyrir börn, einstaklinga með þroskahömlun og einstaklinga með heilabilun.

1420 (041) – Meðhöndlun á tannlæknisfælmi

Lýsing: Unnið með tannlæknisfælmi einstaklings með aðferðum eins og kerfisbundinni aðlögun, hugrænni atferlismeðferð eða annarri sambærilegri meðferð.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist aðeins hjá barnatannlæknum að undangenginni umsókn.

1.3 Sýnataka, staðbundin lyfjagjöf og rannsóknir

1560 (056) - Munnvatnsmæling og rannsókn með greinargerð til Sjúkratrygginga

Lýsing: Niðurstaða munnvatnsmælingar úr munnvatnsrannsókn vegna tannátuprófs, glerungseyðingarprófs eða sem hluti af greiningu á Sjögrens eða Sicca heilkenni. Aðgerðin felur í sér að meta örvað eða óörvað flæði munnvatns, sýrustig og buffervirkni munnvatns, talningu tannátubaktería og ræktun sveppa. Kostnaður rannsóknarstofu ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist aðeins hjá sérfræðingum í munnlyflækningum. Greiðist einu sinni fyrir hvern sjúking án umsóknar.

1530 (050) - Smitstroka

Lýsing: Smitstroka tekin, ýmist úr sýktu sári eða ígerð, eða fyrir veiru- eða svepparæktun. Umsýsla sýnis og sending til rannsóknarstofu ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist hjá sérfræðingum án umsóknar. Greiðist hjá öðrum að undangenginni samþykkt á umsókn.

1531 - Sýklasýni úr tannvegi

Lýsing: Aðgerðin felur í sér að taka sýklasýni úr tannvegi eða tannholdskýli og senda til rannsóknar t.d. næmispróf fyrir sýklalyfjum. Kostnaður rannsóknarstofu ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1532 - Sýklasýni úr rótargangi

Lýsing: Aðgerðin felur í sér að taka sýklasýni úr rótargangi eða tannrótarkýli og senda til rannsóknar t.d. næmispróf fyrir sýklalyfjum. Kostnaður rannsóknarstofu ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1533 (058) - Umsýsla og sending lífsýnis.

Lýsing: Kostnaður sem til fellur við umsýslu lífsýnis eftir að það hefur verið tekið, útfyllingu eyðublaða (rafrænna eða á pappír), geymslu og sendingu sýnis til rannsóknarstofu.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist einu sinni í komu ásamt sýnatökuliðum.

1520 (057) - Lyfjagjöf í mjúkvef

Lýsing: Stera/deyfisprautur. Sterum sprautað í bólginn vef t.d. sár. Langvirkandi deyfilyfi sprautað í auman vef t.d. vöðva og liði

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist án umsóknar hjá sérfræðingum í munnlyflækningum. Greiðist hjá öðrum að undangenginni samþykkt á umsókn.

9410 (107) - Lyfjahald (skinna fyrir staðbundin efni) - munnlyf

Lýsing: Punni plastglæru, gerðri á afsteypu af tönnum sjúklings, komið fyrir í munn til að halda lyfi að tönnum eða slímhúð. Aðgerðin felur í sér máttöku/skönnun, mátun, aðlögun og lokafrágang. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni fyrir hvorn góm á hverjum 24 mánuðum. Verkið skal skrá á svæði, 01 fyrir efri góm eða 02 ef lyfjahald er fyrir neðri góm.

1540 - Túlkun á rannsóknarniðurstöðum

Lýsing: Túlkun á rannsóknarniðurstöðum t.d. blóðsýni, mótetfnaprófi o.s.frv.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1541 - Genapróf til að meta áhættuþætti (susceptibility test)

Lýsing: Genapróf t.d. interleukin próf til að meta áhættuþætti. Kostnaður rannsóknarstofu ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1.4 Ljósmyndir, mógelgreining, tölvugreining

1240 (024) – Ljósmynd, intra- eða extraoral mynd

Lýsing: Ljósmynd tekin á filmu eða stafrænu form til greiningar og staðfestingar ástands á hinum ýmsu stigum meðferðar.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest átta sinnum á hverjum 12 mánuðum.

1250 - Mát tekið fyrir afsteypu, hver gómur

Lýsing: Aðgerðin felur í sér mátskeið og máttöku/skönnun fyrir afsteypu. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1251 - Mát tekið fyrir afsteypu með gúmmímát efni, hver gómur

Lýsing: Aðgerðin felur í sér mátskeið og máttöku/skönnun í gúmmímát efni fyrir afsteypu.

Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1252 - Afsteypur í bithermi og bitgreining

Lýsing: Aðgerðin felur í sér mátskeiðar og máttöku/skönnun beggja góma, bittöku og greiningu bits og tannstöðu á afsteypum í bithermi (modelanalysis). Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1253 - Vaxmótun (uppstilling, vax up) 1 - 4 tennur

Lýsing: Aðgerðin felur í sér mátskeiðar, máttöku/skönnun, afsteypur og uppvöxun tanna til að meta form og stöðu tanna. Liður í undirbúningi smíði tanngera á tennur og tannplanta við krefjandi estetík og/eða knappt rými. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1254 - Vaxmótun (uppstilling, vax up) > 4 tennur

Lýsing: Aðgerðin felur í sér mátskeiðar, máttöku/skönnun, afsteypur og uppvöxun tanna til að meta form og stöðu tanna. Liður í undirbúningi smíði tanngera á tennur og tannplanta við krefjandi estetík og/eða knappt rými. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1256 - Uppstilling tanna í gipsmódeli (set-up), hver gómur

Lýsing: Aðgerðin felur í sér mátskeiðar, máttöku/skönnun, afsteypur og uppröðun tanna á afsteypum til að áætla stöðu tanna eftir tannréttingameðferð. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1270 - Ímyndargreining / Ímyndarbreyting í tölvu

Lýsing: Ímyndargreining með aðstoð tölvu. Form og staða tanna og tanngera að lokinni meðferð áætluð með aðstoð tölvuforrita.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1.5 Vottorð, umsóknir, greinargerðir

1051 - Lyfseðill

Lýsing: Lyfseðill, sendur lyfjaafgreiðslu.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1052 Lyfseðill fyrir lyf án markaðsleyfis eða á undanþágulista

Lýsing: Sérstakur lyfseðill sem senda þarf til Lyfjastofnunar vegna lyfs án markaðsleyfis eða á undanþágulista.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1090 - Fjarvistarvottorð

Lýsing: Gefið fjarvistarvottorð vegna fjarvista úr skóla, vinnu o.s.frv.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1050 (005) - Tilvísun

Lýsing: Tilvísun á tannlækni, lækni eða annan meðferðaraðila.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni í komu

1091 - Afrit úr sjúkraskrá

Lýsing: Afrit tekið úr sjúkraskrá - ljósrit eða útprentun.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1060/1061 (006) – Umsókn með nauðsynlegum fylgigögnum.

Lýsing: Rafræn umsókn til SÍ ásamt fylgigögnum s.s. röntgenmyndir, læknabréf, tilvísun, læknisvottorð eða áverkavottorð.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni fyrir hverja samþykka umsókn.

8090 (809) - Tannrétting/föst tæki í annan tannbogann - umsóknarnúmer

Lýsing: Samkv. reglugerð

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni og aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt samkvæmt gjaldskrárnúmerum 809 eða 810. Ef greitt hefur verið fyrir gjaldskrárnúmer 932 innan 12 mánaða skal greiðsla vegna 809 lækka um upphæð þeirrar greiðslu.

8100 (810) - Tannrétting/föst tæki í báða tannbogana - umsóknarnúmer

Lýsing: Samkv. reglugerð

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni og aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt samkvæmt gjaldskrárnúmerum 809 eða 810. Ef greitt hefur verið fyrir gjaldskrárnúmer 932 innan 12 mánaða skal greiðsla vegna 809 lækka um upphæð þeirrar greiðslu.

1071 - Ítarleg álitsgerð

Lýsing: Ítarleg, tímfrek álitsgerð. T.d. vegna slysamála, tryggingamála eða dómsmála.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1.6 Undirbúningur aðgerðar**2600 (260) - Gúmmídúkur, 1- 4 tennur**

Lýsing: Gúmmídúkur settur til að einangra 1-4 tennur.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung munns í hverri heimsókn. Greiðist aðeins ef greitt er fyrir gjaldskrárnúmer 115 og 116, 201-235 í sömu heimsókn.

2601 (260) - Gúmmídúkur, meira en 4 tennur

Lýsing: Gúmmídúkur settur til að einangra fleiri en 4 tennur.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung munns í hverri heimsókn. Greiðist aðeins ef greitt er fyrir gjaldskrárnúmer 115 og 116, 201-235 í sömu heimsókn.

1262 - Sóttvarnarábreiðsla, sjúklingur og tæki hulin

Lýsing: Sóttvarnarábreiðsla fyrir tæki og sjúkling við undirbúning skurðaðgerðar. Íhlutir ekki innifaldir.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1263 - Skurðstofuuppdekkun fyrir sjúkling, tannlækni og aðstoðarfólk

Lýsing: Aðgerðarsvæði undirbúið skv. reglum skurðstofa hvað varðar skipulag, klæðnað og sóttþreinsun sjúklings og heilbrigðisstarfsmanna. Íhlutir ekki innifaldir.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1.7 Tannfræðsla

1101 (101) - Fræðsla, leiðbeiningar

Lýsing: Sjúklingur fræddur um ástand munnhols t.d. með hjálp ljósmynda, röntgenmynda, afsteypa o.s.frv. Sjúklingi leiðbeint um tannhirðu, lífsvenjur, val og notkun tannhreinisítækja. Hlutfallsleg notkun miðast við hámark 25% sjúklingahóps tannlækna.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni á 12 mánaða fresti.

1102 - Hvatning og aðstoð við að hætta tóbaksnotkun

Lýsing: Sjúklingi leiðbeint um val á aðferðum við að hætta að reykja. Komið af stað ákveðnu ferli með því markmiði að hætta tóbaksnotkun. Eftirfylgni, hvatning og stuðningur.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1103 - Næringarráðgjöf

Lýsing: Sjúklingi veitt næringarráðgjöf með áherslu á tennur og munnhol og áhrif matarræðis á munn- og tannsjúkdóma.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1107 - Fræðsla utan tannlæknastofu

Lýsing: Fræðsla um munnhol og tannhirðu veitt utan tannlæknastofu.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1108 - Óbein fræðsla með undirbúnu fræðslufni

Lýsing: Almenn fræðsla í máli og myndum eða með öðrum tiltækum hjálpargögnum um eðli tannsjúkdóma og meðferð við þeim.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1.8 Tannhreinsun

1104 (104) – Tannsteinn, tannskýla og litur fjarlægður af tönnum.

Lýsing: Tannskýla hreinsuð af tönnum. Supragingival tannsteinn fjarlægður og tennur þússaðar.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest tvisvar í komu en aðeins einu sinni fyrir börn. Greiðist mest fjórum sinnum á hverjum 12 mánuðum en aðeins tvisvar sinnum fyrir börn. Greiðist ekki með gjaldskrárnúmerum, 110, 112, 118. Greiðist ekki á næstu sex mánuðum eftir að gjaldskrárnúmer 110 og 118 voru greidd.

1105 - Tannskýla lituð

Lýsing: Tannskýla lituð með þar til gerðum litarefnum.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1106 - Eldri fyllingar þússaðar, brúnir (overhang) fjarlægðar

Lýsing: Gamlar fyllingar slípaðar og fægðar. Brúnir (overhangs) og óreglur fjarlægðar.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1.9 Flúormeðferð

1112 (119) - Flúormeðferð 1- 4 tennur

Lýsing: Flúormeðferð einstakra tanna. Tannskýla fjarlægð og flúor borinn á tennur í forvarnar- og meðferðarskyni.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist aðeins fyrir sjúklinga í sérstakri áhættu vegna tannátu, 18 ára og eldri. Gjaldskrárnúmer 112 og 119 greiðast mest fjórum sinnum á hverjum 12 mánuðum.

1113 (112) - Flúormeðferð, annar gómur

Lýsing: Flúormeðferð, annar gómur. Tannskýla fjarlægð og flúor borinn á tennur í forvarnar- og meðferðarskyni.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist aðeins fyrir sjúklinga í sérstakri áhættu vegna tannátu, 18 ára og eldri. Gjaldskrárnúmer 112 og 119 greiðast mest fjórum sinnum á hverjum 12 mánuðum.

1114 (110) - Flúormeðferð, báðir gómar

Lýsing: Flúormeðferð, báðir gómar. Tannskýkla fjarlægð og flúor borinn á tennur í forvarnar- og meðferðarskyni.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist aðeins fyrir börn, í áhættu vegna tannátu, og mest einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili. Færi tannlæknir gjaldskrárnúmer 110 á reikning er það vottorð hans um að barnið sé í áhættu vegna tannátu. Greiðist hvorki með gjaldskrárnúmeri 118 né á næstu sex mánuðum eftir að það hefur verið greitt.

1118 (118) – Flúormeðferð áhættubarna, báðir gómar

Lýsing: Flúormeðferð, báðir gómar. Tannskýkla fjarlægð og flúor borinn á tennur í forvarnar- og meðferðarskyni.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist aðeins fyrir börn í sérstakri áhættu vegna tannátu, og mest einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili. Færi tannlæknir gjaldskrárnúmer 118 á reikning er það vottorð hans um að barnið sé í sérstakri áhættu vegna tannátu. Greiðist hvorki með gjaldskrárnúmeri 110 né á næstu sex mánuðum eftir að það hefur verið greitt. Hlutfallsleg notkun miðast við allt að 30% barna hjá tannlæknum en 40% hjá barnatannlæknum.

1119 (120) - SDF meðferð

Lýsing: SDF meðferð einstakra tanna. SDF borið á tennur með virkar tannskemmdir til að hindra framgang þeirra.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni í komu. Greiðist mest þrisvar sinnum á hverjum tólf mánuðum.

1.10 Skorufyllur

1115 (115) - Skorufylla, fyrsta tönn

Lýsing: Skorufylla, fyrsta tönn, með eða án tannskurðar innan glerungs. Skorafylla í barna- eða fullorðinsjaxla eða í pytt innanvert á hliðarframtönnnum í efri góm. Aðgerðin felur í sér hreinsun yfirborðs, tannskurð innan glerungs ef með þarf, sýruætingu bindiefni fyrir glerung, ísetningu plastblendis (glerblendis), ljósherðingu og frágang. Skorufyllur í forjaxla skulu vera innan 20% af heildarfjölda skorufyllinga.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist aðeins fyrir börn, í sérstakri áhættu vegna tannátu, sem tannlæknir vottar með færslu gjaldskrárnúmers á reikning. Á reikning skal skrá skorufyllu á númer þeirrar tannar, og fleti hennar, samkvæmt ISO staðli 3950 sem skorufyllt var. Greiðist ekki með annarri fyllingu í sama flöt tannar. Greiðist ekki án umsóknar ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að skorufylla eða fylling var greidd í sama flöt tannar.

1116 (116) - Viðbótartönn í sama munnfjórðungi

Lýsing: Skorufylla, viðbótartönn í sama munnfjórðungi. Skorufylla barna- eða fullorðinsjaxla eða í pytt innanvert á hliðarframtönnnum í efri góm. Aðgerðin felur í sér hreinsun yfirborðs, tannskurð innan glerungs ef með þarf, sýruætingu, bindiefni fyrir glerung, ísetningu plastblendis (glerblendis), ljósherðingu og frágang. Skorufyllur í forjaxla skulu vera innan 20% af heildarfjölda skorufyllinga.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist aðeins fyrir börn, í sérstakri áhættu vegna tannátu sem tannlæknir vottar með færslu gjaldskrárnúmers 116 á reikning. Á reikning skal skrá skorufyllu á númer þeirrar tannar, og fleti hennar, samkvæmt ISO staðli 3950 sem skorufyllt var. Greiðist ekki með annarri fyllingu í sama flöt tannar. Greiðist ekki án umsóknar ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að skorufylla eða fylling var endurgreidd í sama flöt tannar.

1117 - Lagfæring á eldri skorufyllu

Lýsing: Eldri skorufylla lagfærð. Aðgerðin felur í sér hreinsun yfirborðs og eldri skorufyllu, sýruætingu og fyllingu skoru með plastblendi.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

1.11 Stoðtæki

1500 (250) - Rýmishaldari – direct (space maintainer)

Lýsing: Rýmishaldari. Aðgerðin felur í sér aðlögun rýmishaldara, sýruætingu, yfirborðsmeðhöndlun með bindiefnum og límingu með plastblendi.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist aðeins eftir ótímabært tap barnatanna þegar veruleg hættu er á alvarlegri riðlun á biti vegna tanntapsins. Greiðist ekki eftir 5 ára aldur fyrir fram- og augntennur og 8 ára aldur fyrir barnajaxla nema að undangenginni samþykkt á umsókn. Verkið skal skrá á númer þeirrar fullorðinstannar sem rými er haldið fyrir.

1501 (250) - Rýmishaldari – indirect (space maintainer)

Lýsing: Rýmishaldari. Aðgerðin felur í sér máttöku/skönnun, aðlögun rýmishaldara, sýruætingu, yfirborðsmeðhöndlun með bindiefnum og límingu með plastblendi. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist aðeins eftir ótímabært tap barnatanna þegar veruleg hættu er á alvarlegri riðlun á biti vegna tanntapsins. Greiðist ekki eftir 5 ára aldur fyrir fram- og augntennur og 8 ára aldur fyrir barnajaxla nema að undangenginni samþykkt á umsókn. Verkið skal skrá á númer þeirrar fullorðinstannar sem rými er haldið fyrir.

1510 - Rýmishaldari fjarlægður

Lýsing: Rýmishaldari fjarlægður og yfirborð tanna pússað.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

9220 (922) - Bithlíf, hörð

Lýsing: Aðgerðin felur í sér að harðri plasthlíf er þekur tyggingarfleti tanna á efri eða neðri kjálka, er komið fyrir í munni til verndar tyggingafærum eða til að losa tyggingavöðva undan áhrifum þéttasta bits.

Bitgómurinn getur verið sléttur, með bitförum eða með skildi að framan (skjaldgómur) sem heldur kjálkanum í ákveðinni stöðu. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn. Ekki er gert ráð fyrir að liðurinn sé notaður fyrir börn í tannskiptum nema vegna sérstakra aðstæðna. Ekki ætlað til notkunar í tannréttingum.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist án umsóknar fyrir börn og lífeyrisþega en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn. Greiðist ekki ef minna en 3 ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 922 eða- 923.

9230 (923) - Bithlíf, mjúk

Lýsing: Aðgerðin felur í sér að mjúkri plasthlíf er þekur tyggingarfleti tanna á efri eða neðri kjálka, er komið fyrir í munni til verndar tyggingafærum tímabundið. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn. Ekki ætlað til notkunar í tannréttingum.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist án umsóknar fyrir börn og lífeyrisþega en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn. Greiðist ekki ef minna en 3 ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 922 eða- 923.

9213 - Kæfisvefnstæki

Lýsing: Tanngómum, sem halda kjálkanum í framdreginni stöðu og draga úr líkum að öndunarvegurinn falli saman, komið fyrir. Aðgerðin felur í sér máttöku/skönnun efri og neðri góms, bitskráningu, mátun, aðlögun og lokafrágang. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki. Umsóknnum skal beint til hjálpartækjamiðstöðvar SÍ.

9400 - Tannhlíf – Íþróttahlíf

Lýsing: Einstaklingssniðnum tanngómi komið fyrir (oftast í efri kjálka) til að hindra brot á tönnum við íþróttaiðkanir. Aðgerðin felur í sér máttöku/skönnun, mátun, aðlögun og lokafrágang. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

9210 (921) - Bithækkunarplata.

Lýsing: Aðgerðin felur í sér að hörðum bitgómi, sem þekur hluta tannbogans (oftast framtennur efri kjálka), er komið fyrir í munní tímabundið með það fyrir augum að vinna bug á djúpu biti. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni fyrir börn á tannskiptaaldri. Greiðist ekki ef áður hefur verið greiddur styrkur vegna tannréttinga samkvæmt ákvæðum V. kafla reglugerðar um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar og tannréttingar (gjaldskrárnúmer 809 eða 810).

9211 (932) – Þvingunarbitsplata

Lýsing: Plata í efri góm til að upphefja þvingað bit. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni fyrir börn á tannskiptaaldri. Greiðist ekki ef áður hefur verið greiddur styrkur vegna tannréttinga samkvæmt ákvæðum V. kafla reglugerðar um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar og tannréttingar (gjaldskrárnúmer 809 eða 810).

9212 (932) – Krossbitsplata

Lýsing: Plata í efri góm með þanskrúfu til að víkka efri góm. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni fyrir börn á tannskiptaaldri. Greiðist ekki ef áður hefur verið greiddur styrkur vegna tannréttinga samkvæmt ákvæðum V. kafla reglugerðar um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar og tannréttingar (gjaldskrárnúmer 809 eða 810).

9260 (926) – Bitslípun

Lýsing: Aðgerðin felur í sér að bitfletir tanna eru slípaðir markvisst til að minnka álag á stakar tennur, fjölga bitsnertingum við valt bit, fjarlægja bittálma, sem undirbúning fyrir tanngervi, við lokafrágang eftir tannréttingar og kjálkafærslu.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinn í hverri heimsókn og mest þrisvar sinnum á hverjum 12 mánuðum.

9221 - Bitlingur (anterior jig kubbur)

Lýsing: Aðgerðin felur í sér að plastkubbi er komið tímabundið fyrir á framtönnum efri kjálka, sem kemur í veg fyrir bitsnertingar á öðrum tönnum og minnkar bitkraft.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

9250 (760) - Lagfæringar á bitstoðtækjum

Lýsing: Hvers konar viðgerðir og lagfæringar á bitstoðtækjum.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

2 Tannfyllingar

Færi tannlæknir gjaldskrárnúmer 201- 239 á reikning vottar hann þar með skjólstæðingur er með virka tannátu. Fylling, skv. gjaldskrárnúmerum 201 – 239, greiðist ekki án umsóknar ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að fylling eða skorufylla var endurgreidd í sama flöt tannar. Undanskildar eru viðgerðir á eldri fyllingu. Á reikning skal skrá fyllingu á númer þeirrar tannar, og fleti hennar, samkvæmt ISO staðli 3950, sem gert var við. Aðkeyptur tannsmíðakostnaður greiðist í sama hlutfalli og vinna tannlæknis, samkvæmt frumriti reiknings, að ákveðnu hámarki, þar sem fram komi nafn sjúklings ásamt sundurliðun á vinnu og efni. Við endurgreiðslu á gjaldskrárnúmerum kaflans er ein tönn greidd að fullu en hver viðbótartönn í sama fjórðungi að hluta. Greiðsluþátttaka SÍ vegna uppbygginga á slitflötum vegna eyðingar á tannvef skal miðast gjaldskrárnúmer 236-239.

2000 (290) - Aðgerð sem ekki er talin annars staðar í kaflanum

Lýsing: óskilgreindur aðgerðarliður

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

2.1 Ljóshert plastblendi (composite)

2010 - Plastblendisforvarnarfylling í tyggiskoru eða vegna glerungseyðingar

Lýsing: Aðgerðin felur í sér tannskurð innan glerungs í forvarnarskyni (ameloplasty), sýruætingu, bindiefni fyrir glerung, ísetningu plastblendis, ljósherslu og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

2011 (201) – Plastblendi, einn flötur

Lýsing: Ísetning plastblendis í einn flöt tannar. Aðgerðin felur í sér tannskurð, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu plastblendis, ljósherslu og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2012 (212) – Plastblendi, tveir fletir

Lýsing: Ísetning plastblendis í tvo fleti tannar. Aðgerðin felur í sér tannskurð, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu plastblendis, ljósherslu og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2130 (213) – Plastblendi, þrjú fletir

Lýsing: Ísetning plastblendis í þrjú fleti tannar. Aðgerðin felur í sér tannskurð, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu plastblendis, ljósherslu og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2140 (214) – Plastblendi, fleiri en þrjú fletir

Lýsing: Ísetning plastblendis í fleiri en þrjú fleti tannar. Aðgerðin felur í sér tannskurð, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu plastblendis, ljósherslu og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans.

2150 (221) – Plastblendi, einn flötur, viðbótarfylling

Lýsing: Ísetning plastblendis í einn flöt tannar, viðbótarfylling. Aðgerðin felur í sér tannskurð, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu plastblendis, ljósherslu og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2151 (222) – Plastblendi, tveir fletir, viðbótarfylling

Lýsing: Ísetning plastblendis í tvo fleti tannar, viðbótarfylling. Aðgerðin felur í sér tannskurð, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu plastblendis, ljósherslu og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2152 (223) – Plastblendi, þrjú fletir, viðbótarfylling

Lýsing: Ísetning plastblendis í þrjú fleti tannar, viðbótarfylling. Aðgerðin felur í sér tannskurð, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu plastblendis, ljósherslu og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2153 (224) – Plastblendi, fleiri en þrjú fletir, viðbótarfylling

Lýsing: Ísetning plastblendis í fleiri en þrjú fleti tannar, viðbótarfylling. Aðgerðin felur í sér tannskurð, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu plastblendis, ljósherslu og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans.

2141 (214) - Plastblendisuppygging, forjaxlar / jaxlar

Lýsing: Plastblendi notað til meiriháttar uppbyggingar á forjöxlum og jöxlum (fjórir fletir eða fleiri). Aðgerðin felur í sér tannskurð, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu plastblendis, ljósherslu og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2142 (214) - Plastblendisuppygging undir krónu

Lýsing: Plastblendi notað til uppbyggingar kjarna sem íhald undir krónu. Aðgerðin felur í sér tannskurð, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu plastblendis, ljósherslu og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2020 (201) - Plastblendi til lagfæringar tannforms undir krónu

Lýsing: Plastblendi notað til að laga tannskurð fyrir krónugerð. Aðgerðin felur í sér tannskurð, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu plastblendis, ljósherslu og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2143 (201) - Plastblendisskel - direkt

Lýsing: Plastblendi lagt á vara- eða kinnlæga fleti tanna. Aðgerðin felur í sér tannskurð, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu plastblendis, ljósherslu og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2021 (215) - Viðgerð á eldra plastblendi, einn flötur

Lýsing: Plastblendi lagt á einn tannflöt vegna slits eða brots eldri plastblendisfyllingar. Aðgerðin felur í sér tannskurð og tilslípun eldri fyllingar, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu plastblendis, ljósherslu og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans.

2022 (216) - Viðgerð á eldra plastblendi, tveir fletir

Lýsing: Plastblendi lagt á tvo tannfleti vegna slits eða brots eldri plastblendisfyllingar. Aðgerðin felur í sér tannskurð og tilslípun eldri fyllingar, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu plastblendis, ljósherslu og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans.

2023 (217) - Viðgerð á eldra plastblendi, fleiri en tveir fletir

Lýsing: Plastblendi lagt á fleiri en tvo tannfleti vegna slits eða brots eldri plastblendisfyllingar. Aðgerðin felur í sér tannskurð og tilslípun eldri fyllingar, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu plastblendis, ljósherslu og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans.

2025 (218) – Viðgerð á rótarfleti, einn flötur

Lýsing: Fylling lögð á einn rótarflöt tannar. Aðgerðin felur í sér tannskurð, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein, ísetningu fylliefnis og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans.

2026 (219) – Viðgerð á rótarfleti, tveir fletir

Lýsing: Fylling lögð á tvo rótarfleti tannar. Aðgerðin felur í sér tannskurð, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein, ísetningu fylliefnis og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans.

2024 - Plastblendi til herðingar yfirborðs

Lýsing: Aðgerðin felur í sér notkun plastefna í þeim tilgangi að herða yfirborð og auka slitþol fyllinga úr plastblendi.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki

2027 (246) – Plastblendi til uppbyggingar á slitflötum, fyrsta tönn, 1-3 fletir

Lýsing: Plastblendi lagt á 1-3 tannfleti vegna slits tanna. Aðgerðin felur í sér tannskurð, tilslípun, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu plastblendis, ljósherslu og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans.

2028 (247) – Plastblendi til uppbyggingar á slitflötum, viðbótartönn, 1-3 fletir

Lýsing: Plastblendi lagt á 1-3 tannfleti vegna slits tanna. Aðgerðin felur í sér tannskurð, tilslípun, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu plastblendis, ljósherslu og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans.

2029 (248) – Plastblendi til uppbyggingar á slitflötum, fyrsta tönn, 4 fletir eða fleiri

Lýsing: Plastblendi lagt á 4 eða fleiri tannfleti vegna slits tanna. Aðgerðin felur í sér tannskurð, tilslípun, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu plastblendis, ljósherslu og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans.

2030 (249) – Plastblendi til uppbyggingar á slitflötum, viðbótartönn, 4 fletir eða fleiri

Lýsing: Plastblendi lagt á 4 eða fleiri tannfleti vegna slits tanna. Aðgerðin felur í sér tannskurð, tilslípun, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, ísetningu plastblendis, ljósherslu og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans.

2.2 Glerblendi (glass ionomer) og önnur tannlit fyllingarefni

2015 (117) - Glerblendisforvarnarfylling í tyggiskoru

Lýsing: Aðgerðin felur í sér tannskurð, meðhöndlun glerungs, ísetningu fyllingarefnis og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

2016 (201) – Glerblendi, einn flötur

Lýsing: Ísetning glerblendis í tönn. Aðgerðin felur í sér tannskurð, meðhöndlun tannbeins og glerungs, ísetningu fyllingarefnis og

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2017 (212) – Glerblendi, tveir fletir

Lýsing: Ísetning glerblendis í tönn. Aðgerðin felur í sér tannskurð, meðhöndlun tannbeins og glerungs, ísetningu fyllingarefnis og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2131 (213) – Glerblendi, þrjú fletir

Lýsing: Ísetning glerblendis í tönn. Aðgerðin felur í sér tannskurð, meðhöndlun tannbeins og glerungs, ísetningu fyllingarefnis og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2144 (214) – Glerblendi, fleiri en þrjú fletir

Lýsing: Ísetning glerblendis í þrjú fjóra eða fleiri fleti tannar. Aðgerðin felur í sér tannskurð, meðhöndlun tannbeins og glerungs, ísetningu fyllingarefnis og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2132 (221) – Glerblendi, einn flötur, viðbótarfylling

Lýsing: Ísetning glerblendis í einn flöt tannar, viðbótarfylling. Aðgerðin felur í sér tannskurð, meðhöndlun tannbeins og glerungs, ísetningu fyllingarefnis og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2133 (222) – Glerblendi, tveir fletir, viðbótarfylling

Lýsing: Ísetning glerblendis í tvo fleti tannar, viðbótarfylling. Aðgerðin felur í sér tannskurð, meðhöndlun tannbeins og glerungs, ísetningu fyllingarefnis og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2134 (223) – Glerblendi, þrjú fletir, viðbótarfylling

Lýsing: Ísetning glerblendis í þrjú fleti tannar, viðbótarfylling. Aðgerðin felur í sér tannskurð, meðhöndlun tannbeins og glerungs, ísetningu fyllingarefnis og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2135 (224) – Glerblendi, fleiri en þrjú fletir, viðbótarfylling

Lýsing: Ísetning glerblendis í fleiri en þrjú fleti tannar, viðbótarfylling. Aðgerðin felur í sér tannskurð, meðhöndlun tannbeins og glerungs, ísetningu fyllingarefnis og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans.

2145 (214) - Glerblendisuppbygging, forjaxlar / jaxlar

Lýsing: Glerblendi notað til meiriháttar uppbyggingar á forjöxlum og jöxlum (fjórir fletir eða fleiri). Aðgerðin felur í sér tannskurð, meðhöndlun tannbeins og glerungs, ísetningu fyllingarefnis og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2146 (214) - Glerblendisuppbygging undir krónu

Lýsing: Glerblendi notað til uppbyggingar kjarna sem íhald undir krónu. Aðgerðin felur í sér tannskurð, meðhöndlun tannbeins og glerungs, ísetningu fyllingarefnis og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2147 (201) - Glerblendi til lagfæringar tannforms undir krónu

Lýsing: Glerblendi notað til að laga óreglur í formi tannskurðar fyrir krónugerð. Aðgerðin felur í sér tannskurð, meðhöndlun tannbeins og glerungs, ísetningu fyllingarefnis og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2.3 Silfurblendi (amalgam)

2310 (231) - Silfurblendi

Lýsing: Ísetning silfurblendis í fram- eða bakhlið tannar við og/eða undir tannhold. Aðgerðin felur í sér tannskurð, ísetningu, mótun og frágang fyllingar.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2311 (231) - Silfurblendi í jaxla / forjaxla

Lýsing: Ísetning silfurblendis í bitflöt forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, ísetningu, mótun og frágang fyllingar.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2320 (232) - Silfurblendi í jaxla / forjaxla, tveir fletir

Lýsing: Ísetning silfurblendis í bitflöt og einn hliðarflöt forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, ísetningu, mótun og frágang fyllingar.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2330 (233) - Silfurblendi í jaxla / forjaxla, þrjú fletir

Lýsing: Ísetning silfurblendis í bitflöt og tvo hliðarfleti forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, ísetningu, mótun og frágang fyllingar.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2350 (235) - Silfurblendi í jaxla / forjaxla, fjórir eða fleiri fletir

Lýsing: Ísetning silfurblendis í þrjá fjóra eða fleiri fleti í forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, ísetningu, mótun og frágang fyllingar.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2361 (236) – Silfurblendi í jaxla / forjaxla, einn flötur, viðbótarfylling

Lýsing: Ísetning glerblendis í einn flöt tannar, viðbótarfylling. Aðgerðin felur í sér tannskurð, meðhöndlun tannbeins og glerungs, ísetningu fyllingarefnis og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2362 (237) – Silfurblendi í jaxla / forjaxla, tveir fletir, viðbótarfylling

Lýsing: Ísetning glerblendis í tvo fleti tannar, viðbótarfylling. Aðgerðin felur í sér tannskurð, meðhöndlun tannbeins og glerungs, ísetningu fyllingarefnis og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2363 (238) – Silfurblendi í jaxla / forjaxla, þrír fletir, viðbótarfylling

Lýsing: Ísetning glerblendis í þrjá fleti tannar, viðbótarfylling. Aðgerðin felur í sér tannskurð, meðhöndlun tannbeins og glerungs, ísetningu fyllingarefnis og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2364 (239) – Silfurblendi í jaxla / forjaxla, fleiri en þrír fletir, viðbótarfylling

Lýsing: Ísetning glerblendis í fleiri en þrjá fleti tannar, viðbótarfylling. Aðgerðin felur í sér tannskurð, meðhöndlun tannbeins og glerungs, ísetningu fyllingarefnis og frágang.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans.

2351 (235) - Silfurblendisuppbygging, forjaxlar / jaxlar

Lýsing: Silfurblendi notað til meiriháttar uppbyggingar á forjöxlum og jöxlum (fjórir fletir eða fleiri). Aðgerðin felur í sér tannskurð, ísetningu, mótun og frágang fyllingar.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2352 (235) - Silfurblendisuppbygging undir krónu

Lýsing: Silfurblendi notað til uppbyggingar kjarna sem íhald undir krónu. Aðgerðin felur í sér tannskurð, ísetningu, mótun og frágang fyllingar.

Greiðsluþátttaka SÍ: Sjá almennar skýringar kaflans

2360 - Pússun á silfurblendisfyllingum

Lýsing: Aðgerðarliður felur í sér frágang fyllinga úr silfurblendi eftir að þær hafa náð fullnaðarhörðun en ekki síðar en 6 mánuðum eftir ísetningu.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

2.4 Hamrað gull

2400 - Hamrað gull, einn eða fleiri fletir

Lýsing: Tanngulli pakkað í einn eða fleiri fleti fullorðinstanna. Aðgerðin felur í sér tannskurð, ísetningu, mótun og frágang fyllingar.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

2.5 Forhertar plastblendis fyllingar

2240 - Forhert plastblendi í jaxla / forjaxla

Lýsing: Ísetning forherts plastblendisinnleggs í bitflöt forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, mátskeið, máttöku/skönnun, aðlögun plastblendis, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, límingu með plastblendislími og frágang. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

2241 - Forhert plastblendi í jaxla / forjaxla, tveir fletir

Lýsing: Ísetning forherts plastblendisinnleggs í bitflöt og einn hliðarflöt forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, mátskeið, máttöku/skönnun, aðlögun plastblendis, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, límingu með plastblendislími og frágang. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

2242 - Forhert plastblendi í jaxla / forjaxla, þrír fletir

Lýsing: Ísetning forherts plastblendisinnleggs í bitflöt og tvo hliðarfleti forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, mátskeið, máttöku/skönnun, aðlögun plastblendis, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, límingu með plastblendislími og frágang. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

2243 - Forhert plastblendi í jaxla / forjaxla, fleiri en þrír fletir

Lýsing: Ísetning forherts plastblendisinnleggs í þrjá, fjóra eða fleiri fleti forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, mátskeið, máttöku/skönnun, aðlögun plastblendis, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, límingu með plastblendislími og frágang. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

2244 - Forhert plastblendisálegg (onlay)

Lýsing: Ísetning forherts plastblendisáleggs í forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, mátskeið, máttöku/skönnun, aðlögun plastblendis, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, límingu með plastblendislími og frágang. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

2246 - Forhert plastblendisskel

Lýsing: Ísetning forhertrar plastblendisskeljar. Aðgerðin felur í sér tannskurð, mátskeið, máttöku/skönnun, aðlögun plastblendisskeljar, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, límingu með plastblendislími og frágang. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

2.6 Steyptar keramik fyllingar

2247 - Steypt keramik í jaxla / forjaxla, einn flötur

Lýsing: Ísetning steyptra keramiks í bitflöt forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, mátskeið, máttöku/skönnun, aðlögun keramiks, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, límingu með plastblendislími og frágang. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

2248 - Steypt keramik í jaxla / forjaxla, tveir fletir

Lýsing: Ísetning steyptra keramiks í bitflöt og einn hliðarflöt forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, mátskeið, máttöku/skönnun, aðlögun keramiks, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, límingu með plastblendislími og frágang. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

2249 - Steypt keramik í jaxla / forjaxla, þrír fletir

Lýsing: Ísetning steyptra keramiks í bitflöt og tvo hliðarfleti forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, mátskeið, máttöku/skönnun, aðlögun keramiks, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, límingu með plastblendislími og frágang. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

2250 - Steypt keramik í jaxla / forjaxla, fleiri en þrír fletir

Lýsing: Ísetning steyptra keramiks í þrjá eða fleiri fleti forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, mátskeið, máttöku/skönnun, aðlögun keramiks, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, límingu með plastblendislími og frágang. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

2251 - Steypt keramikálegg (onlay)

Lýsing: Ísetning steyppts keramíks, sem þekur allan bitflöt, í forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, mátskeið, máttöku/skönnun, aðlögun keramíks, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, límingu með plastblendislími og frágang. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

2252 (614) - Steypt keramiksskel

Lýsing: Ísetning steyptrar keramiksskeljar. Aðgerðin felur í sér tannskurð, mátskeið, máttöku/skönnun, aðlögun keramíks, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, límingu með plastblendislími og frágang. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar og tannréttingar en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

2.7 Steypar gullfyllingar

2253 - Steypt gull í jaxla / forjaxla

Lýsing: Ísetning steyppts gulls í bitflöt forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, mátskeið, máttöku/skönnun, aðlögun gullinnleggs, meðhöndlun tannbeins og glerungs, límingu og frágang. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

2254 (614) - Steypt gull í jaxla / forjaxla, tveir fletir

Lýsing: Ísetning steyppts gulls í bitflöt og einn hliðarflöt forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, mátskeið, máttöku/skönnun, aðlögun gullinnleggs, meðhöndlun tannbeins og glerungs, límingu og frágang. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar og tannréttingar en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

2255 (614) - Steypt gull í jaxla / forjaxla, þrjú fletir

Lýsing: Ísetning steyppts gulls í bitflöt og tvo hliðarfleti forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, mátskeið, máttöku/skönnun, aðlögun gullinnleggs, meðhöndlun tannbeins og glerungs, límingu og frágang. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar og tannréttingar en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

2256 (614) - Steypt gull í jaxla / forjaxla, fleiri en þrjú fletir

Lýsing: Ísetning steyppts gulls í þrjá eða fleiri fleti í forjaxla og jaxla. Aðgerðin felur í sér tannskurð, mátskeið, máttöku/skönnun, aðlögun gullinnleggs, meðhöndlun tannbeins og glerungs, límingu og frágang. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar og tannréttingar en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

2258 (614) - Steypt gullálegg (onlay)

Lýsing: Ísetning steyppts gulls í forjaxla og jaxla sem þekur allan bitflöt. Aðgerðin felur í sér tannskurð, mátskeið, máttöku/skönnun, aðlögun gulláleggs, meðhöndlun tannbeins og glerungs, límingu og frágang. Tannsmíðakostnaður ekki innifalinn.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar og tannréttingar en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

2259 - Hver pinni í pinnuðu inn- eða áleggi

Lýsing: Steyptir pinnar til að auka festu gullfyllinga.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

2.8 Ýmislegt tengt tannfyllingu

2570 (256) - Tannbeinsstifti (parapúlpapinni)

Lýsing: Stifti sett í tannbein utan tannhols til að auka festu fyrir fyllingu mótaða í munni. Stifti skal vera úr málm.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest tvisvar með hverri fyllingu.

2571 (257) - Rótarstifti úr málm, trefjaplasti eða keramik

Lýsing: Stifti límt í rótargang rötfulltrar tannar til að auka festu fyrir fyllingu mótaða í munni. Stifti skal vera úr málm, trefjaplasti eða keramik.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest tvisvar með hverri fyllingu.

2450 (245) - Bráðabirgðafylling

Lýsing: Aðgerðin felur í hreinsun yfirborðs tannar og ísetningu og mótun bráðabirgðafyllingar. Þessar fyllingar eru þjappaðar í tennur eða byggðar upp með ljóshertum efnum.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki með gjaldskrárnúmerum fyrir rötfullingar (301-399).

2451 - Bráðabirgðainnlegg eða álegg

Lýsing: Bráðabirgðainnlegg eða álegg sem notuð eru meðan verið er að fullvinna steyptar fyllingar. Aðgerðin felur í sér mótun, frágang og límingu með bráðabirgðalími.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

2263 - Botnlag

Lýsing: Sérstakt botnlag lagt í djúpar tannskemmdir til áður en fylling er sett.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist ekki.

3 Tannholsaðgerðir

Endurgreiðsla miðast við að í verði gjaldskránumera í þessum kafla séu innifaldar röntgenmyndir, deyfing, gúmmídúkur og bráðabirgðafylling. Varðveita skal röntgenmyndir af tönn fyrir og eftir meðferð. Gjaldskránumer skal skrá á númer þeirrar tannar sem unnið er við hverju sinni. Gjaldskránumer 310 – 318 og 320 – 328 greiðast ekki ef minna en 3 ár eru liðin frá því að eitthvert gjaldskránumera 320 – 328 hefur verið greitt.

3000 (390) - Aðgerð sem ekki er talin annars staðar í kaflanum

Lýsing: óskilgreindur aðgerðarliður.

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

3.1 Ýmislegt tengt tannholsaðgerðum

3020 (302) - Kvikupróf, púlpatest, hver sjöttungur

Lýsing: Svörun tannkviku metin og umrótarvefs metin með kulda- hita- eða rafprófi, áslætti og þreyfingu. Einnig er pokamælt og aðrar sprunguprófanir framkvæmdar þegar við á. (Tooth slooth, transillumination.)

Greiðsluþátttaka SÍ: Greiðist mest einu sinni í hverri heimsókn og mest þrisvar á ári.

3010 (300) - Kvikupekja (indirect pulpcapping)

